

Stjórnartíðindi

2004 - B-deild - B79-82

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 79-82

Nr. 544-571

2004

Efnisyfirlit B 79–82 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
544	24. júní	Reglugerð um fjárhag og áhættustýringu Íbúðalánasjóðs	1361-1363
545	25. júní	Auglýsing um útflutningshlutfall kindakjöts 2004-2005	1363
546	23. júní	Auglýsing um deiliskipulagsáætlun og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	1364
547	28. júní	Reglugerð um daggjöld stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2004	1365-1367
548	28. júní	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá fyrir flugleiðsögu, vopnaleit og afnot flugvalla, nr. 536/2000	1368
549	1. júlí	Auglýsing um breytingu á reglum nr. 276/2004 um fjárhagsaðstoð hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík.....	1369
550	29. júní	Reglur um fyrirkomulag öryggisleitar hafnaryfirvalda vegna siglingaverndar	1370-1371
551	30. júní	Gjaldskrá fyrir Akraneshöfn.....	1372-1375
552	30. júní	Gjaldskrá fyrir Grundartangahöfn	1376
553	25. júní	Reglugerð um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum	1377-1386
554	19. maí	Reglur um fjárhagsaðstoð í Ásahreppi	1387-1396
555	21. júní	Reglugerð um greiðslu barnabóta.....	1397-1399
556	25. júní	Reglugerð um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna kauptryggingar fiskvinnslufólks.....	1400-1402
557	22. júní	Auglýsing um deiliskipulag á Akureyri	1402
558	21. júní	Reglugerð um (4.) breytingu á reglugerð um skýrslugerð vegna smitsjúkdóma nr. 129/1999.....	1403-1404
559	21. júní	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 990/2001, um greiðslu vaxtabóta, með síðari breytingu	1405-1406
560	24. júní	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, Votihvammur, Egilsstöðum.....	1406
561	24. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga, nr. 944/2000, með síðari breytingum.....	1407
562	23. júní	Reglugerð um breyting á reglugerð um stjórnáætlunarmáttæmi sýslumanna, nr. 57 5. febrúar 1992	1408
563	24. júní	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frístundabyggð í landi Ásgarðs.....	1408
564	8. júní	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Hrauns 1 í Fjarðabyggð.....	1409
565	24. júní	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Bíldudals 1986-2006, landfylling á hafnarsvæði, Vesturbyggð.....	1409
566	24. júní	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, íbúðarbyggð við Reykjavíkurveg og Flatahraun.....	1410
567	21. maí	Auglýsing um deiliskipulag í Kópavogi.....	1410

STJÓRNARTÍÐINDI B 79 – 2004

24. júní 2004

1361

Nr. 544

REGLUGERÐ

um fjárhag og áhættustýringu Íbúðalánasjóðs.

1. gr.

Markmið og áherslur.

Íbúðalánasjóður skal varðveita og ávaxta á tryggan hátt það fé sem hann hefur umsjón með, í þeim tilgangi að tryggja eins góð lánskjör og kostur er og lágmarka áhættu ríkissjóðs af skuldbindingum sjóðsins. Þess skal gætt að sjóðurinn hafi jafnan nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar.

2. gr.

Áhættustýring.

Íbúðalánasjóður skal setja sér stefnu um áhættustýringu og koma upp áhættustýringarkerfi í því skyni að stjórna áhættu sjóðsins og draga úr henni sem kostur er.

Áhættustýringarstefnan skal setja umgjörð um mat á áhættu sjóðsins og gera kleift að greina áhættuþætti, leggja mat á ólíka áhættu og mæla fyrir um skipulag sem tryggir aðskilnað verkþátta og skilgreinir ábyrgð á þeim. Við gerð hennar skal höfð hliðsjón af leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins um innra eftirlit og áhættustýringu hjá fjármálafyrirtækjum. Stefnuna skal endurmeta árlega og gera breytingar ef þurfa þykir.

Stjórn Íbúðalánasjóðs skal samþykkja stefnuna og staðfesta breytingar sem á henni eru gerðar, að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Jafnframt skal kynna Ríkisábyrgðasjóði og fjármálaráðuneyti fyrirhugaðar breytingar.

3. gr.

Áhættustýringaraðferðir.

Íbúðalánasjóður skal tryggja jafnvægi inn- og útgreiðslna sjóðsins og beita hefðbundnum áhættustýringaraðferðum til að tryggja vandaða áhættu- og fjárstýringu. Í því skyni er sjóðnum heimilt að eiga viðskipti með fjármögnunarbréf sín og önnur verðbréf. Slíkar aðferðir skulu nánar útfærðar í áhættustýringarstefnu sjóðsins.

4. gr.

Fjárhagsnefnd.

Stofnuð skal fjárhagsnefnd Íbúðalánasjóðs sem í eiga sæti þeir starfsmenn sjóðsins sem er falin ábyrgð á áhættustýringu og fjármögnun sjóðsins. Hlutverk fjárhagsnefndar er einkum að leggja fram tillögur til stjórnar sjóðsins um verðbréfaútgáfu og vaxtaálag og taka ákvarð-

anir um kaup á fjármögnunarbréfum sjóðsins og fjárstýringarleiðir.

5. gr.

Innra eftirlit.

Íbúðalánasjóður skal setja á fót og viðhalda innra gæðakerfi til að tryggja aðskilnað einstakra verkþátta í starfi sjóðsins. Slíkt gæðakerfi skal nánar útfært í áhættustýringarstefnu sjóðsins.

Innri endurskoðun skal heyra beint undir stjórn sjóðsins.

6. gr.

Skýrslugjöf.

Stjórn Íbúðalánasjóðs skal ársfjórðungslega skila félagsmálaráðherra og Fjármálaeftirlitinu skýrslu um framvindu áhættustýringarstefnunnar og lykilkennitölur í rekstri sjóðsins. Í skýrslunni skal greina þróun vanskila, hlutfall lána í sérmeðferð af heildarútlánum sjóðsins, uppgreiðslur ÍLS-veðbréfa og fasteignaveðbréfa og vaxtaþróun nýrra útlána. Þá skal leggja mat á tapsáhættu og vaxtaáhættu útlána og greina stöðu afskriftareiknings, horfur um afskriftir og áhrif aukaafborgana og uppgreiðslna á fjárhag sjóðsins.

Íbúðalánasjóður skal senda fjármálaráðuneyti og Ríkisábyrgðasjóði skýrsluna til kynningar.

7. gr.

Eiginfjárhlutfall Íbúðalánasjóðs.

Íbúðalánasjóður skal hafa sem langtímamarkmið að halda eiginfjárhlutfalli sjóðsins yfir 5%, miðað við reglur Fjármálaeftirlitsins um eigið fé og eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja, til að tryggja að sjóðurinn geti mætt skuldbindingum sínum.

Ef eiginfjárhlutfall sjóðsins stefnir niður fyrir 4% skal stjórn sjóðsins vekja athygli ráðherra á því og auka tíðni skýrslugjafar, sbr. 6. gr., og skila skýrslum mánaðarlega. Jafnframt skal stjórnin leggja fram tillögur um leiðir til að ná langtímamarkmiði um eiginfjárhlutfall, þar með talið hvort þörf sé á að hækka vaxtaálag skv. 28. gr. laga um húsnæðismál eða nýta heimildir 2. mgr. 23. gr. laganna.

Ef sýnt þykir að hefðbundnar áhættustýringaraðferðir og svigrúm sjóðsins við vaxtaákvörðun nægi ekki til að verja hag sjóðsins skal ráðherra, að fenginni umsögn stjórnar Íbúðalánasjóðs um nauðsynlegar aðgerðir, gefa út reglugerð um greiðslu þóknunar fyrir aukaafborganir og uppgreiðslu ÍLS-veðbréfa. Skal sú þóknun veða upp að hluta eða öllu leyti mismuninn á uppgreiðsluverði ÍLS-veðbréfs og sambærilegs íbúðabréfs.

8. gr.

Afskriftir.

Íbúðalánasjóður skal halda afskriftareikning samkvæmt góðri reikningsskilavenju og eftir mati á áhættu þannig að efnahagsreikningur sjóðsins gefi á hverjum tíma sem raunhæfasta mynd af fjárhagsstöðu hans.

9. gr.

Eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið skal hafa eftirlit með því að Íbúðalánasjóður starfi samkvæmt ákvæðum laga um húsnæðismál og reglugerða sem um hann gilda. Um upplýsingaskyldu og eftirlit með starfsemi sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, með síðari breytingum, eftir því sem við á.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 4. mgr. 11. gr. laga nr. 44/1998, með síðari breytingum, að fenginni umsögn stjórnar Íbúðalánasjóðs og Fjármálaeftirlitsins, tekur gildi 1. júlí 2004.

Félagsmálaráðuneytinu, 24. júní 2004.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.

AUGLÝSING

um útflutningshlutfall kindakjöts 2004-2005.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands, ákveðið að útflutningshlutfall kindakjöts af fé sem slátrað verður árin 2004-2005, verði sem hér segi:

Dilkakjöt:

<i>Tímabil:</i>	<i>Útflutningshlutfall:</i>
1. júlí 2004 – 22. ágúst 2004	10%
23. ágúst 2004 – 29. ágúst 2004	17%
30. ágúst 2004 – 5. sept. 2004	24%
6. sept. 2004 – 12. sept. 2004	31%
13. sept. 2004 – 28. nóv. 2004	36–38%*
29. nóv. 2004 – 28. febr. 2005	24%
1. mars 2005 –	10%

*) Hlutfall fyrir tímabilið 13. september til 28. nóvember 2004, verði nánar ákveðið innan þessara marka og auglýst fyrir 1. september nk.

2. gr.

Fyrir sömu tímabil og um getur í 1. gr. er útflutningshlutfall af kjöti af fullorðnu fé ákveðið 0%.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti með síðari breytingum og með heimild í 4. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. júlí 2004. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 619/2003 um útflutningshlutfall kindakjöts.

Landbúnaðarráðuneytinu, 25. júní 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulagsáætlun og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Reitur 1.182.1, Grettisgata 16.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 12. maí 2004, breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.182.1 varðandi lóðina nr. 16 við Grettisgötu.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Borgartún 34-36.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 2. júní 2004, breytingu á deiliskipulagi lóðanna nr. 34 og 36 við Borgartún.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Efra-Breiðholt III, Keilufell.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 12. maí 2004, breytingu á deiliskipulagi Efra-Breiðholts III, Keilufell.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Rétt er að taka fram að eftir skoðun á málinu taldi Skipulagsstofnun ekki rétt að birta auglýsingu um gildistöku breytingarinnar þar sem hún var ekki grenndarkynnt.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hlíðarendi, íþróttasvæði Vals og miðsvæði sunnan Hringbrautar.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 15. júlí 2003, deiliskipulag fyrir Hlíðarenda, íþróttasvæði Vals og miðsvæði sunnan Hringbrautar.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 23. júní 2004.

Helga Bragadóttir skipulagsfulltrúi.

STJÓRNARTÍÐINDI B 80 – 2004

28. júní 2004

1365

Nr. 547

REGLUGERÐ

um daggjöld stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2004.

1. gr.

Daggjöld.

Daggjöldum á stofnunum sem ekki eru á föstum fjárlögum er ætlað að mæta eðlilegum rekstrarkostnaði án viðhalds húsnæðis og skulu vera sem hér segir frá 1. mars 2004:

A. Hjúkrunarheimili.

Liður	Viðf.	Hjúkrunarheimili	Daggjald kr.
401	113	Grenilundur, Grenivík	12.614
401	113	Hvammur, Húsavík	12.852
401	113	Helgafell, Djúpavogi	12.455
401	113	Blesastaðir, Blesastöðum	12.455
401	113	Sólvellir, Eyrarbakka	12.455
401	113	Silfurtún, Búðardal	12.614
401	113	Sæborg, Skagaströnd	12.614
401	113	Roðasalir, Kópavogi	13.169
405	101	Hrafnista, Reykjavík	13.090
406	101	Hrafnista, Hafnarfirði	13.090
407	101	Grund, Reykjavík	13.090
408	101	Sunnuhlíð, Kópavogi	13.487
409	101	Hjúkrunarheimilið Skjól	13.328
410	101	Hjúkrunarheimilið Eir	13.169
411	101	Garðvangur, Garði	13.169
412	101	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	13.169
413	101	Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	13.487
414	101	Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	13.248
415	101	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	12.614
416	101	Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	12.852
417	101	Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	12.852
418	101	Seljahlíð, Reykjavík	13.010
419	101	Sólvangur, Hafnarfirði	13.090
421	101	Víðines	12.931

Liður	Viðf.	Hjúkrunarheimili	Daggjald kr.
423	101	Höfði, Akranesi	13.010
424	101	Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	13.328
425	101	Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	11.899
426	101	Fellaskjól, Grundarfirði	12.058
427	101	Jaðar, Ólafsvík	12.296
428	101	Fellsendi, Búðardal	12.137
429	101	Barmahlíð, Reykhólum	12.296
433	101	Dalbær, Dalvík	12.375
434	101	Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	13.169
436	101	Uppsali, Fáskrúðsfirði	13.010
437	101	Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu	13.090
438	101	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	12.375
439	101	Hjallatún, Vík	13.407
440	101	Kumbaravogur, Stokkseyri	13.090
441	101	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	12.455
442	101	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	13.010
443	101	Holtsbúð, Garðabæ	12.296
444	101	Vífilstaðir, Garðabæ	13.487

Daggjald skal greitt þrátt fyrir að vistmaður hverfi af stofnun í stuttan tíma svo sem til aðstandenda yfir helgi eða hátíðar enda hafi heilbrigðisyfirvöld ekki aukakostnað af dvölinni. Fari vistmaður á sjúkrahús til skammtímainnlagnar skal greiða 70% af daggjaldi stofnunar í allt að 30 daga. Við andlát vistmanns eða þegar vistmaður flytur fullt og allt af stofnun skal greiða fullt daggjald næstu 7 daga.

Daggjald skal greitt stofnun vegna krónískra nýrnasjúklinga þegar þeir vegna blóðskilunar eru innritaðir á Landspítala - háskólasjúkrahús. Landspítali - háskólasjúkrahús greiðir kostnað vegna lyfjagjafar eins og fyrir aðra blóðskilunarsjúklinga sem skráðir eru inn á sjúkrahúsið.

Greiða skal 800 kr. á dag til viðbótar daggjaldi stofnunar fyrir hvern krónískan nýrnasjúkling sem dvelst á stofnun og þarf blóðskilun á Landspítala - háskólasjúkrahúsi.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða daggjöld samkvæmt A-lið 1. gr.

B. Daggjöld á öðrum stofnunum.

Stofn.	Viðf.	Heiti stofnunar	Daggjald kr.
441	117	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	7.697
470	110	Vesturhlíð, Reykjavík	7.734
472	110	Hlíðabær, Reykjavík	7.404
473	110	Lindargata, Reykjavík	7.404
474	110	MS-félag Íslands, Reykjavík	6.755
475	110	Múlabær, Reykjavík	4.616
476	110	Fríðuhús, Reykjavík	7.404
410	115	Hjúkrunarheimilið Eir	7.404
412	171	Skógarbær, endurhæfingardeild	18.756
434	115	Samningur við Akureyrarbæ v/minnissjúkra	7.404
415	115	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði v/MS	6.755
477	115	Dagvistun Reykjanesbæjar v/minnissjúkra	7.404

Tryggingastofnun skal greiða daggjöld samkvæmt B-lið 1. gr.

2. gr.

Dvalarheimilisgjöld og gjöld fyrir dagvistun.

Daggjöld á dvalarheimilum fyrir aldraða og fyrir dagvistun aldraðra er ætlað að mæta eðlilegum rekstrarkostnaði án viðhalds húsnæðis og skulu vera sem hér segir frá 1. mars 2004:

	kr.
1. Vistgjald á dvalarheimili fyrir aldraða	5.674
2. Gjald á dagvistun fyrir aldraða	3.415

Innifalið í dagvistunargjaldi er nauðsynlegur flutningskostnaður vistmanna. Þeir sem þjónustu dagvistar njóta skulu greiða 550 kr. á dag, sbr. 19. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða daggjöld samkvæmt þessari grein.

3. gr.

Innifalið í daggjöldum samkvæmt reglugerð þessari er hvers konar þjónusta, sem vistmönnum er látin í té á stofnunum.

4. gr.

Húsnæðisgjald vegna viðhalds.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða gjald til að mæta viðhaldskostnaði húsnæðis sem dagvistar-, dvalar- og hjúkrunarheimili nýta við rekstur á dagvistar-, dvalar- og hjúkrunarrýmum. Gjaldið árið 2004 er 2.050 kr. á m² á ári og reiknast að hámarki á 60 m² á hvert hjúkrunar- og vistrými að meðtöldu sameiginlegu rými og að hámarki 30 m² á dagvistarrými að meðtöldu sameiginlegu rými. Gjaldið reiknast aldrei á stærra rými en sem stærð húsnæðisins nemur.

Húsnæðisgjaldi er ætlað að standa undir öllu almennu viðhaldi húsnæðis, en ekki stofnkostnaði, afskriftum og meiriháttar breytingum og endurbótum á húsnæði.

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 39. gr. laga nr. 117/1993 um almanna-tryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað, en tekur til daggjalda frá og með 1. mars 2004. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 971/2003 um daggjöld sjúkrastofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. júní 2004.

F. h. r.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

Guðríður Þorsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir flugleiðsögu, vopnaleit og afnot flugvalla, nr. 536/2000.

1. gr.

Úr titli gjaldskrár fellur orðið „flugleiðsögu“.

2. gr.

Í 3. málslíð liðar 2.1. skal fjárhæð gjalds fyrir hverja landingu loftfars í millilandaflugi á flugvöllum utan Reykjavíkur vera samsvarandi 8,15 Bandaríkjadöllum fyrir hver byrjuð 1.000 kg af hámarksflugtaksmassa þess.

3. gr.

4. liður skal vera svohljóðandi:

4. Aðgangsheimildir að flugvelli með aðgangsstjórnunarkerfi.

Gjald fyrir aðgangsheimild að flugvelli (ein hlið korts) kr. 1.500.

Gjald fyrir aðgangsheimild að flugvelli (báðar hliðar korts) kr. 2.000.

Leyfisbréf fyrir ökutæki og vinnuvélar kr. 1.000.

Gjald fyrir auðkennanlega fjarstýringu aksturshliða (fjarstýring) kr. 4.900.

Gjald yfir almenna fjarstýringu kr. 3.500.

4. gr.

Í 5. lið falla brott orðin „og leiðarflugsgjöldum“.

5. gr.

Í 3. málslíð liðar 6.1. skal fjárhæð vopnaleitargjalds vera 620 kr. Í 4. málslíð liðar 6.1. skal upphæð vopnaleitargjalds vera 285 kr.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 71. gr., 71. gr. a, 71. gr. b og 3. mgr. 139. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, sbr. síðari breytingar, staðfestist hér með til að öðlast gildi þann 2. júlí 2004 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 28. júní 2004.

Sturla Böðvarsson.

Jóhann Guðmundsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 81 – 2004

1. júlí 2004

1369

Nr. 549

AUGLÝSING

um breytingu á reglum nr. 276/2004 um fjárhagsaðstoð
hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík.

1. gr.

11. gr. breytist og orðast svo:

Grunnfjárhæð.

Framfærsla barna ekki talin með.

Fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri getur numið allt að 81.396 kr. á mánuði, hér eftir nefnd grunnfjárhæð.

Fjárhagsaðstoð til hjóna og fólks í skráðri sambúð getur numið allt að 130.234 kr. á mánuði (81.396 kr. x 1,6).

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu. Undantekning er þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur í kjölfar skilnaðar/sambúðarslita og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar við mat á fjárförf.

Fjárhæðir verða endurskoðaðar af félagsmálaráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

2. gr.

19. gr. breytist og orðast svo:

Aðstoð vegna barna og ungmenna.

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar er gert ráð fyrir að kostnaður vegna barna greiðist af barnabótum og meðlögum.

Ungu atvinnulausu fólki, á aldrinum 18-24 ára, sem býr hjá foreldri/foreldrum, sem hafa tekjur sem eru við mörk eða undir grunnfjárhæð, skal reiknast hálf grunnfjárhæð á mánuði, þ.e. kr. 40.698, eða mismun á þeirri upphæð og tekjum þeirra. Meðlag sem þau kunna að fá greitt reiknast sem tekjur.

Hafi einstaklingur, sem fellur undir ofangreint, forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð full grunnfjárhæð.

Unglingar, 18 ára og yngri, eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

3. gr.

Breytingar þessar eru settar á grundvelli 21. gr. laga nr. 40/1991 með síðari breytingum og taka gildi 1. júlí 2004.

Reykjavík, 1. júlí 2004.

Þórolfur Árnason borgarstjóri.

Gutenberg

REGLUR

um fyrirkomulag öryggisleitar hafnaryfirvalda vegna siglingaverndar.

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Reglur þessar gilda um öryggisleit hafnaryfirvalda á starfsfólki og farþegum skemmtiferðaskipa og í farangri þeirra og á áhöfnum og öðrum þeim sem vegna starfs síns þurfa að fara inn á hafnaraðstöðu eða um borð í skip sem falla undir lög um siglingavernd.

Markmið öryggisleitar í höfnum er að hindra að vopn, hættuleg efni eða áhöld og hlutir sem unnt er að nota til að valda tjóni í hafnaraðstöðu, eða ógna hafnarstarfsemi og siglingum, komist inn í hafnaraðstöðu, á haftasvæði, eða um borð í skip.

2. gr.

Forsendur öryggisleitar.

Vástig segir til um hættuástand þegar beita skal mismunandi verndarráðstöfunum skv. verndaráætlun viðkomandi hafnar. Ríkislögreglustjóri ákveður vástig um borð í skipum og í höfnum skv. 5. mgr. 4. gr. laga um siglingavernd, nr. 50/2004.

Á vástigi 1 skal annaðhvort liggja fyrir rökstuddur grunur um að leitarþoli hafi á sér eða í fórum sínum vopn, hættuleg efni eða áhöld og hluti sem unnt sé að nota til að valda tjóni í hafnaraðstöðu, eða ógna hafnarstarfsemi og siglingum, eða að nýleg váatvik eða brestir í siglingavernd gefi tilefni til öryggisleitar þótt vástigi hafi ekki verið breytt.

Á vástigi 2 og 3 skal öryggisleit aukin og skal hún þá að jafnaði gerð á öllum sem leita inngöngu í hafnaraðstöðu, á haftasvæði, eða um borð í skip og vera því ítarlegri sem hættan virðist meiri.

3. gr.

Öryggisleitarmenn.

Einungis þeir einstaklingar sem hafa hlotið til þess þjálfun skulu gera öryggisleit. Þeir skulu bera auðkenni verndarfulltrúa eða öryggisvarðar í höfn.

Öryggisleitarmenn skulu gæta varúðar í starfi sínu og hvorki stefna sjálfum sér né öðrum í hættu.

4. gr.

Öryggisleitarbúnaður.

Við öryggisleit má einungis nota leitarbúnað sem hefur hlotið samþykki Siglingastofnunar Íslands.

5. gr.

Öryggisleitarsvæði.

Athafnasvið öryggisleitarmanna skv. 3. gr. til öryggisleitar takmarkast við skilgreinda hafnaraðstöðu vegna siglingaverndar og haftasvæði. Að jafnaði skal öryggisleit fara fram í hliði að hafnaraðstöðu eða haftasvæði.

6. gr.

Framkvæmd öryggisleitar.

Einungis öryggisleitarmenn mega gera öryggisleit á einstaklingum og í fórum þeirra. Ætíð skulu tveir öryggisleitarmenn vera viðstaddir öryggisleit og skal öryggisleitarmaður

vera sama kyns og leitarþoli nema notað sé málmleitaræki. Ekki má gera öryggisleit án samþykkis leitarþola og viðkomandi skal gerð grein fyrir tilefni öryggisleitarinnar, á hvers vegum hún sé gerð og rétti hans til að hafna öryggisleit.

Aðeins má leita með því að fara höndum um klæði þess sem leitað er á. Ekki má færa fólk úr fötum eða fara inn á það og skal sýna fyllstu tillitssemi og aðgát við öryggisleitina. Forðast skal að valda skemmdum á munum leitarþola eða fatnaði hans. Æskilegt er að nota handleitarbúnað, svo sem málmleitaræki, sem dregur úr þörf fyrir sneringu öryggisleitarmanns við leitarþola. Öryggisleitarmaður skal ekki taka muni úr farangri leitarþola, eða róta í honum, heldur fara þess á leit við leitarþola að hann sýni farangur sinn og geri grein fyrir honum.

Ekki er heimilt að gera öryggisleit í ökutæki nema eigandi þess eða umráðamaður veiti til þess skriflegt leyfi og skal eigandi eða umráðamaður vera viðstaddur leitina. Ætíð skulu að lágmarki tveir öryggisleitarmenn vera viðstaddir öryggisleit í ökutæki. Öryggisleit í ökutæki skal, ef þess er nokkur kostur, gerð á skilgreindum leitarstað þar sem hún veldur sem minnstri röskun á umferð og þar sem gætt er að friðhelgi einkalífs.

7. gr.

Viðbrögð við niðurstöðum öryggisleitar.

Skylt er að synja þeim aðilum sem ekki vilja sæta öryggisleit um aðgang að hafnar- aðstöðu, eða skipi, og einnig þeim sem hafa á sér eða í förum sínum vopn, hættuleg efni eða áhöld og hluti sem nota má til skemmdar- og hryðjuverka, eða til að valda ógn og hættu.

Synji aðili beiðni um öryggisleit öryggisleitarmanna og talið er sýnt að af honum stafi ógn við siglingavernd eða öryggi almennings skal hann kyrrsettur þegar þess er kostur og lögreglu gert viðvart án tafar.

Ef vopn, hættuleg efni eða áhöld og hlutir sem nota má til skemmdar- og hryðjuverka, eða til að valda ógn og hættu, finnast við öryggisleit skal leitarþoli tafarlaust kyrrsettur þegar þess er kostur og lögregla þegar kölluð til. Öryggisleitarmönnum er þá heimilt að hefta för leitarþola og leggja hald á hvaðeina í förum hans sem hætta kann að stafa af uns lögregla kemur á vettvang.

8. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um siglingavernd, nr. 50/2004, og öðlast gildi 1. júlí 2004.

Samgönguráðuneytinu, 29. júní 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Akraneshöfn.

Almenn ákvæði.

I. KAFLI

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Akraneshöfn er sett skv. heimild í 17. grein hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

Gjaldskráin er við það miðuð að höfnin geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri hafnar sbr. 5. tölulið 3. gr. hafnalaga.

Um gjaldtöku tengdri stærð skipa.

2. gr.

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miðað við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Skipagjöld.

4. gr.

Lestagjöld:

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 9,20 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftár en tvisvar í mánuði.

Bryggjugjöld:

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða samkvæmt eftirfarandi:

Skip við bryggju kr. 2,20 á mælieiningu fyrir hverja byrjaða 12 tíma, sem skip liggur bundið, hámark 26 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 60,00 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 6.500 á mánuði. Bátar minni en 20 BT greiði þó aldrei lægra en kr. 3.850 á mánuði.

Vörugjöld.

5. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

6. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

7. gr.

Af vörum, sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálftr vörugjald.

Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fulltr vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

8. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.
- e) Brotajárn til endurvinnslu.

9. gr.

Vörugjald reiknast eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóri eða afgreiðslumaður skips skal láta höfninni í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

10. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 173,5 fyrir hvert tonn:
Kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, bensín, brennsluolía, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 334 fyrir hvert tonn:
Lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 375 fyrir hvert tonn:
Þungavarnir, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, veiðarfæri, smurningsolía, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda. Þökk-uð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.
4. fl.: Gjald 1,28%. Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.
Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.
Seljanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um seldan afla um leið og sala hefur átt sér stað, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað.
Seljandi ber skil á greiðslu aflagjalds.

Hámarksgjald samkvæmt lið þessum er 4.000 kr. fyrir hvert tonn.
Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 135.

Leiga á gámasvæði.

11. gr.

Leiga fyrir geymslusvæði skal vera eftirfarandi (gáma og báta):
Geymsla á malarsvæði pr. m² kr. 75.
Geymsla á malbikuðu svæði pr. m² kr. 80.
Geymsla á bát pr. mán. kr. 3.000.

Sorphirða.

12. gr.

Gjald fyrir sorphirðu er kr. 3.700 fyrir hverja afgreiðslu.
Afgreiðsla utan dagvinnutíma, pr. klst. kr. 3.200 til viðbótar gjaldskrá.

Hafnsögugjöld.

13. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- Fyrir leiðsögu til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi kr. 1.865 fyrir hvert skip, auk kr. 3,90 fyrir hvert brúttótonn. Fyrir leiðsögu frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- Fyrir leiðsögu um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
- Ef skipstjóri skips hefur hafnsöguréttindi skv. ákvörðun hafnarstjórnar og hafnsögu- maður fer ekki um borð, er veittur 25% afsláttur af hafnsögugjaldi.

Þjónusta dráttarbáta.

14. gr.

Tímagjald fyrir Þjót. Flutningur hafnsögumanna og tollvarða í hvert sinn kr. 11.500
Lágmarksgjald fyrir almenna þjónustu pr. klst. kr. 16.000. Þjónusta við skip o.fl. utan hafnar, sigling meðtalin kr. 23.200. Gjaldtaka fyrir Leyni. Flutningur hafnsögumanna og tollvarða í hvert sinn kr. 11.500. Lágmarksgjald fyrir almenna þjónustu pr. klst. kr. 16.000. Þjónusta fyrir skip o.fl. utan hafnar, sigling meðtalin kr. 23.200. Vinna við stærri skip en 6800 BT, pr. BT pr. klst. lágmark 1 klst. kr. 3,50. Hámarksgjaldskrá kr. 120.000. Lágmarkstími gjaldtöku skipa er 1 klst.

Festargjöld.

15. gr.

Festargjöld fyrir hverja afgreiðslu (1-2 menn) kr. 7.000. Séu fleiri en tveir menn notaðir við afgreiðslu er gjald fyrir hvern aukamann kr. 7.000.

Vatnssala.

16. gr.

Vatnsgjöld: Vatn afgreitt frá bryggju:

Kalt vatn	kr./m ³	177
Heitt vatn	kr./m ³	332

Lágmarksgjald miðast við 15 tonn.

Afgreiðsla utan dagvinnutíma, pr. klst. kr. 3.200 til viðbótar gjaldskrá.

Vigtargjald.

17. gr.

Almenn vigtun kr. 110 á tonn.

Lægsta gjald fyrir einstaka vigtun kr. 650.

Um innheimtu og greiðslu gjalda.

18. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra gjalda skv. gjaldskrá þessari og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Heimilt er að leita samþykkis skrifstofunnar til notkunar greiðslumiðlunar við uppgjör skulda.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er áskilið að reikna dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

19. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Akraneshafnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 326/2004 um hafnamál og afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema að hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

20. gr.

Vörugjald greiðist af öllum vörum sem eru affermdar, afhentar eða fluttar, eða á annan hátt sjóleiðis eða landleiðina, inn fyrir mörk hafnarinnar. Vörugjaldið reiknast skipi til skuldar áður en skip hefur siglingu, nema annað sé sérstaklega um samið. Vörugjald er á ábyrgð farmflytjanda og er afhending vöru án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

21. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi.

Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða váttryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðkröfum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Akraneshöfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

Gildistaka.

22. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Akraneshöfn er samþykkt af hafnarstjórn þann 23. júní 2004, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin öðlast gildi þann 1. júlí 2004 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur út gildi gjaldskrá fyrir Akraneshöfn frá 19. desember 2003.

Akranesi, 30. júní 2004.

Jón Pálmi Pálsson bæjarritari.

GJALDSKRÁ

fyrir Grundartangahöfn.

Gjaldskrá þessi fyrir Grundartangahöfn er sett skv. heimild í 17. grein hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1 og gildir frá 1. júlí 2004.

Gjaldskráin er við það miðuð að höfnin geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri hafnar sbr. 5. tölulið 3. gr. hafnalaga.

	kr.	
Lestagjöld	7,62	á brúttótonn
Bryggjugjöld	1,85	á brúttótonn (fyrir hverja byrjaða 12 tíma)
Vörugjald, 1. flokkur	142,15	
“ 2. flokkur	275,20	
“ 3. flokkur	297,15	
Sorpgjald	3.605,00	fyrir þá sem nota þjónustuna

Pannig samþykkt á fundi stjórnar Grundartangahafnar þriðjudaginn 22. júní 2004.

Akranesi, 30. júní 2004.

Jón Pálmi Pálsson, starfandi hafnarstjóri.

REGLUGERÐ

um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum.

I. KAFLI

Gildissvið og markmið.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um hvers konar starfsemi þar sem starfsmenn verða fyrir eða eiga á hættu að verða fyrir mengun frá efnum og lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um, sbr. þó strangari ákvæði í sérlögum og sérreglum um einstaka efni.

2. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir heilsutjón starfsmanna sem vinna með efni eða verða fyrir mengun frá þeim.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a. *efni*: frumefni og sambönd þeirra, bæði náttúruleg og framleidd, eða blanda tveggja eða fleiri frumefna og samband þeirra í föstu, fljótandi eða loftkenndu ástandi, þar á meðal úrgangur úr hvers konar vinnslu,
- b. *varasöm efni*:
 - i. sérhvert efni sem uppfyllir viðmið um flokkun eitrefna og hættulegra efna samkvæmt gildandi reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, hvort sem efnið er flokkað samkvæmt þeirri reglugerð eða ekki. Undanskilin eru þau efni sem einungis teljast hættuleg umhverfinu,
 - ii. sérhvert efni sem uppfyllir viðmið um flokkun hættulegrar efnavöru (efnablöndu) samkvæmt gildandi reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, hvort sem efnavaran er flokkuð samkvæmt þeirri reglugerð eða ekki. Undanskildar eru þær efnavörur sem einungis teljast hættulegar umhverfinu,
 - iii. sérhvert efni sem stofnar eða kann að stofna heilsu og öryggi starfsmanna í hættu á grundvelli eðlisefnafræðilegra, efnafræðilegra eða eitrefnafræðilegra eiginleika sinna enda þótt það fullnægi ekki viðmiðunum um flokkun sem varasöm í samræmi við i. og ii. lið, auk þeirra efna sem eru sett mengunarmörk skv. I. viðauka þessarar reglugerðar og gildandi reglum um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum.
- c. *starf í tengslum við efni*: hvers konar starfsemi þar sem starfsmenn verða fyrir eða

eiga á hættu að verða fyrir mengun frá efnum, þar á meðal framleiðsla, meðferð og meðhöndlun efna, geymsla þeirra, blöndun, þynning, pökkun (þar með talið umpökkun og umhelling), flutningur eða förgun,

- d. *mengunarmörk í starfi*: hæsta leyfilega meðaltalsmengun (tímavegið meðaltal) efnis í andrúmslofti starfsmanna á tilgreindu viðmiðunartímabili,
- e. *líffræðileg mengunarmörk*: leyfileg mörk tiltekins efnis í líffræðilegu umhverfi þess, umbrotsefni þess eða vísbending um áhrif,
- f. *heilsuvernd*: mat á einstökum starfsmanni í því skyni að ákvarða heilsufar hans með hliðsjón af áhrifum frá tilteknu efni sem hann kann að verða fyrir í starfi,
- g. *hætta*: sá eðlislægi eiginleiki efnis að geta valdið skaða,
- h. *áhætta*: líkur á því að skaði eigi sér stað við notkun efnis eða mengun.

II. KAFLI

Skyldur atvinnurekanda.

4. gr.

Áhættumat.

Þegar líkur eru á að starfsemi hafi í för með sér áhættu vegna varasams efnis skal atvinnurekandi meta eða láta meta eðli ástandsins, hve mikil mengunin er, áhrif einstakra efna svo og heildaráhrif þeirra og hve lengi starfsmenn verða fyrir mengun, til að unnt sé að meta hvers konar hættu heilsu og öryggi starfsmanna sé búin. Í samræmi við þetta skal atvinnurekandi ákvarða til hvaða ráðstafana skuli grípa.

Áhættumat skv. 1. mgr. skal byggjast á öllum tiltækum upplýsingum, þar á meðal upplýsingum um:

- a. hættulega eiginleika efnis,
- b. öryggi og heilbrigði í öryggisleiðbeiningum, sbr. gildandi reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum,
- c. vinnuskilyrði þar sem unnið er með efni,
- d. gildandi mengunarmörk og líffræðileg mengunarmörk,
- e. fyrirbyggjandi niðurstöður heilsuverndar,
- f. áhrif forvarna.

Áhættumatið skal hafa sérstaka hliðsjón af störfum innan fyrirtækis eða stofnunar þar sem fyrirsjáanlegt er að heilsu og öryggi þeirra starfsmanna sem sinna þeim sé meiri hætta búin vegna mengunar eða af öðrum ástæðum.

Þegar um er að ræða störf sem hafa í för með sér mengun frá mörgum efnum skal áhættan metin á grundvelli þeirrar áhættu sem stafar samanlagt frá þeim öllum.

Atvinnurekandi skal halda skrá um þær forvarnir og aðrar sértækar ráðstafanir sem hann grípur til í tengslum við áhættumatið. Enn fremur skal atvinnurekandi endurskoða áhættumatið reglulega, einkum ef orðið hafa verulegar breytingar á starfsemi í tengslum við efni eða niðurstöður heilsuverndar starfsmanna sýna að slíkt sé nauðsynlegt. Þegar atvinnurekandi telur ekki líkur á að starfsemi hafi í för með sér áhættu vegna efna skal hann færa rök fyrir því í almennu áhættumati fyrirtækis eða stofnunar.

Þegar um er að ræða nýtt starf sem tengist varasömu efni skal vinna ekki hefjast fyrir en áhættumat á starfinu hefur verið gert og gripið hefur verið til nauðsynlegra forvarnarástafana samkvæmt matinu.

Ákvæði 7., 8. og 12. gr. reglugerðar þessarar gilda ekki þegar niðurstaða áhættumats skv. 1. mgr. gefur til kynna að sú mengun eða hugsanleg mengun sem stafar frá efnum hefur litla áhættu í för með sér fyrir heilsu starfsmanna og forvarnir skv. 5. gr. eru nægjanlegar til að draga úr þeirri áhættu.

5. gr.

Forvarnir.

Atvinnurekandi skal grípa til nauðsynlegra forvarna til að sjá til þess að komið sé í veg fyrir mengun af völdum varasamra efna eins og kostur er. Í þeim tilgangi skal hann beita eftirfarandi ráðstöfunum:

- a. haga vinnu þannig að komist sé hjá því eða því haldið í lágmarki að efni dreifist innan vinnustaðar,
- b. gera almennar ráðstafanir til verndar starfsmönnum og, sé ekki annarra kosta völ, gera ráðstafanir til að vernda sérhvern einstakling,
- c. koma í veg fyrir útbreiðslu mengunar til að takmarka eins og unnt er þann fjölda starfsmanna sem verður fyrir mengun,
- d. gera neyðaráætlun sem ætlað er að varna því að starfsmenn verði fyrir mengun frá varasömum efnum þegar mengun hefur átt sér stað,
- e. gera hreinlætisráðstafanir sem samrýmast því markmiði að koma í veg fyrir eða draga úr að varasöm efni dreifist innan vinnustaðar,
- f. draga úr magni varasamra efna á vinnustaðnum í samræmi við eðli starfseminnar.

Enn fremur skal atvinnurekandi sjá til þess að verklagsreglur fyrir hvert einstakt varasamt efni séu fyrir hendi á vinnustað þar sem eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram:

- a. verslunarheiti efnisins,
- b. notkunarsvið á vinnustaðnum,
- c. takmarkanir á notkun,
- d. skilyrði um sérstaka menntun eða þjálfun þeirra sem vinna með efnið,
- e. heilsufarsleg áhrif, þar með talin einkenni við inntöku og vegna mengunar,
- f. vinnureglur við meðhöndlun efnisins, þar með taldar upplýsingar um viðeigandi fatnað og hlífðarbúnað og hvort óviðkomandi sé bannaður aðgangur,
- g. upplýsingar um skyndihjálp,
- h. eiginleikar við upphitun og bruna,
- i. viðbrögð við bruna,
- j. viðbrögð við óhöppum, svo sem ef efni hellist niður og upplýsingar um förgun efnis,
- k. öryggisreglur um geymslu efnisins á vinnustaðnum.

Varasamt efni skal geymt í sérstökum efnageymslum þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að því. Varasamt efni skal geymt í læstri geymslu, aðskilið frá öðrum efnum.

Loftræsta skal efnageymslur á fullnægjandi hátt með tilliti til þeirra efna sem þar eru geymd.

Ef nauðsyn krefur, t.d. vegna umferðar, skulu geymar og leiðslur girt af með öryggisgirðingu.

Þegar starfsemi fyrirtækja eða stofnana er lögð niður skal koma varasömum efnum í örugga geymslu eða ganga þannig frá þeim að engin hættu skapast af völdum þeirra.

6. gr.

Meðhöndlun umbúða og merkingar.

Efni sem stofna eða geta stofnað heilsu og öryggi starfsmanna í hættu skulu vera í tryggum umbúðum á vinnustöðum í samræmi við eftirfarandi skilyrði:

- a. umbúðir skulu hafa þannig lögum og vera þannig lokaðar að innihaldið fari ekki úr þeim fyrir slysi,
- b. umbúðir og lok skulu vera úr efni sem leysist ekki upp af innihaldinu eða gengur í samband við það þannig að efni geti myndast eða að dragi úr styrk umbúðanna eða loksins,
- c. umbúðir og lok skulu vera það traust að öruggt sé að efni losni ekki úr umbúðum

vegna slysní. Umbúðir og lok skulu þola þá meðferð sem nauðsynleg er vegna notkunar efna á vinnustöðum,

d. umbúðir skulu vera þannig gerðar að losun úr þeim að hluta eða öllu leyti sé einungis framkvæmanleg á öruggan hátt,

e. umbúðir skulu vera merktar í samræmi við gildandi reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni.

Umbúðir aðrar en upprunalegar umbúðir eða flát sem efnum hefur verið hellt í til notkunar, geymslu eða sem efnaúrgangur á vinnustað skulu merktar á sama hátt og upprunalegu umbúðirnar.

Fastir geymar sem innihalda varasöm efni á vinnustöðum skulu vera merktir í samræmi við gildandi reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni. Hið sama gildir um fargeyma sem notaðir eru til flutnings efna nema aðrar reglur gildi þar um.

Leiðslur fyrir varasamar lofttegundir og vökva á vinnustöðum skulu merktar með texta, lit og ör sem sýnir straumstefnuna og eftir þörfum með hættu- og varúðarmerkingum. Í textanum skulu koma fram upplýsingar um innihald leiðslunnar svo og upplýsingar um þrýsting og hitastig varasams efnis í leiðslunni eftir því sem við á. Ef varasömu efni er tappað af leiðslum skulu framangreindar upplýsingar koma greinilega fram við aftöppunarstaðinn. Sama á við um aftöppun af geymum. Litamerkingar á leiðslum skulu vera í samræmi við viðurkennda norræna eða alþjóðlega staðla.

7. gr.

Ráðstafanir vegna mengunar.

Þegar áhættumat skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hættu búin skal atvinnurekandi beita öllum tiltækum ráðum til að koma í veg fyrir að starfsmenn verði fyrir mengun.

Atvinnurekandi skal ávallt leitast við, með tilliti til eðlis starfseminnar, að nota efni sem telst ekki vera varasamt eða síður varasamt heilsu starfsmanna við þær aðstæður sem það er notað.

Þegar ekki er tæknilega unnt að koma í veg fyrir hættu á mengun skv. 2. mgr., að teknu tilliti til eðlis starfseminnar og áhættumatsins skv. 4. gr., skal atvinnurekandi sjá til þess að dregið sé úr mengun eins og kostur er. Í þeim tilgangi skal hann beita eftirfarandi ráðstöfunum í neðangreindri röð:

- a. haga vinnu og tæknilegu eftirliti þannig að komist sé hjá losun varasams efnis eða draga verulega úr slíkri losun ásamt því að nota viðeigandi búnað við losunina,
- b. gera almennar ráðstafanir til verndar starfsmönnum, t.d. með viðunandi loftræstingu, og, sé ekki annarra kosta völ, gera ráðstafanir til að vernda sérhvern einstakling, t.d. með notkun persónuhlífa.

Hafi atvinnurekandi ekki sýnt fram á það með öðrum matsaðferðum að forvarnir skv. 5. gr. og aðrar ráðstafanir vegna mengunar séu viðunandi skal hann reglulega gera nauðsynlegar mælingar á mengun sem kann að stofna heilsu og öryggi starfsmanna í hættu. Skal höfð hliðsjón af gildandi mengunarmörkum í viðkomandi starfi. Hið sama gildir er breytingar hafa orðið á aðstæðum sem kunna að hafa áhrif á mengun innan vinnustaðar.

Gefi niðurstöður mælinga til kynna að mengun sé yfir mengunarmörkum í starfi skal atvinnurekandi grípa til viðeigandi ráðstafana vegna mengunar án ástæðulauss dráttar.

Atvinnurekandi skal hagræða starfseminni og gera nauðsynlegar tæknilegar ráðstafanir að teknu tilliti til eðlis starfseminnar og áhættumats skv. 4. gr., til að koma megi í veg fyrir hættu vegna eðlisefnafræðilegra eiginleika efna. Í þeim tilgangi skal hann beita eftirfarandi ráðstöfunum í neðangreindri röð:

- a. koma í veg fyrir, að teknu tilliti til eðlis starfseminnar, að á vinnustað séu eldfim efni í hættulegum styrkleika eða hættulegt magn af efnafræðilega óstöðugum efnum en geyma skal eins lítið og unnt er af efnum inni í vinnurými og ekki meira en þörf er á vegna notkunar hverju sinni,
- b. forðast að til staðar séu íkveikjuvaldar sem gætu orsakað eldsvoða eða sprengingar af völdum eldfimra efna en við geymslu efna skal taka tillit til hvort varasamt sé að geyma ólík efni saman, t.d. vegna þess að þau geti hvarfast hvert við annað og skapað hættu. Í þessu sambandi skal taka tillit til áhrifa ljóss, hitastigs, raka eða vatns á efnin. Enn fremur skal taka tillit til hættu á falli, t.d. vegna jarðskjálfta,
- c. gera almennar ráðstafanir til að draga úr skaðlegum áhrifum á heilsu og öryggi starfsmanna við eldsvoða eða sprengingar af völdum eldfimra efna eða líkamstjóni vegna efnafræðilegra óstöðugra efna.

Vinnutæki og öryggiskerfi skulu uppfylla viðeigandi reglur um hönnun, framleiðslu og afhendingu að því er varðar heilsu og öryggi starfsmanna. Ráðstafanir er varða tækni og/eða skipulag sem atvinnurekandi gerir skulu vera í samræmi við I. viðauka gildandi reglugerðar um búnað og verndarkerfi til notkunar á sprengihættustöðum.

Atvinnurekandi skal tryggja fullnægjandi eftirlit með tækjum, vélum og öðrum búnaði eða láta í té búnað til að kæfa áhrif sprenginga eða gera ráðstafanir vegna sprengiþrýstings.

8. gr.

Ráðstafanir vegna slysa eða óhappa.

Þegar áhættumat skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hættu búin skal atvinnurekandi sjá til þess að skriflegar leiðbeiningar liggja frammi á vinnustaðnum ásamt því að kynna starfsmönnum efni þeirra. Í leiðbeiningunum skal koma fram hvaða starfsháttum skuli fylgt þegar slys eða óhapp verður í tengslum við varasöm efni. Þær skulu meðal annars taka til hvers kyns viðeigandi öryggisæfinga sem skulu fara reglulega fram og viðeigandi aðstöðu til að veita skyndihjálp.

Starfsmenn skulu án tafar tilkynna verkstjóra, öryggisverði eða öryggistrúnaðarmanni um öll slys eða óhöpp í tengslum við varasöm efni.

Atvinnurekandi skal upplýsa starfsmenn eða fulltrúa þeirra án tafar um öll slys eða óhöpp sem eiga sér stað í tengslum við varasöm efni og grípa þegar í stað til allra nauðsynlegra ráðstafana í því skyni að ráða bót á ástandinu.

Einungis skal heimila þeim starfsmönnum, sem brún þörf er á að sinni viðgerðum, að fara inn á umrætt vinnusvæði. Skal atvinnurekandi sjá til þess að þeir fái viðeigandi hlífðarfatnað, persónuhlífar og nauðsynlegan öryggisbúnað sem þeir skulu nota þangað til ástandinu er aflétt. Öðrum skal óheimill aðgangur að svæðinu.

Atvinnurekandi skal setja upp viðvörunarkerfi og önnur samskiptakerfi sem nauðsynleg eru til að gefa merki um aukna áhættu fyrir öryggi og heilsu starfsmanna svo unnt sé að bregðast við á réttan hátt og setja í gang viðeigandi aðgerðir.

Atvinnurekandi skal láta viðkomandi slysavarnaþjónustu í té viðeigandi upplýsingar um eftirfarandi atriði:

- a. hættur á vinnustað,
- b. aðferðir við að greina hættu,
- c. almennar og sértækar hættur sem kunna að koma upp við slys eða óhöpp,
- d. leiðbeiningar skv. 1. mgr.,
- e. verklagsreglur skv. 2. mgr. 5. gr.

9. gr.

Upplýsingaskylda.

Þegar niðurstaða áhættumats skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu eða öryggi starfsmanna sé hættu búin skal atvinnurekandi láta Vinnueftirliti ríkisins í té viðeigandi upplýsingar um eftirfarandi atriði, óski það þess:

- a. niðurstöður áhættumats skv. 4. gr.,
- b. þá starfsemi þar sem starfsmenn hafa orðið eða kunna að hafa orðið fyrir mengun frá varasömum efnum,
- c. fjölda starfsmanna sem varð fyrir mengun,
- d. nafn og hæfni öryggistrúnaðarmanns og öryggisfulltrúa á vinnustaðnum,
- e. verndar- og forvarnaráðstafanir sem eru viðhafðar, þar á meðal starfshættir og vinnuáðferðir.

Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins án ástæðulauss dráttar um öll slys eða óhöpp þar sem vera kann að varasöm efni geti valdið mengun.

10. gr.

Upplýsingar til starfsmanna.

Atvinnurekandi skal upplýsa starfsmenn um þau varasömu efni sem eru á vinnustaðnum, geymslustaði efnanna, þær öryggisleiðbeiningar sem fylgja efnunum, áhrif mengunar á heilsu starfsmanna og öryggi, hver séu mengunarmörkin í starfi sem og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um störf þeirra. Skal þess gætt að starfsmenn séu upplýstir um þær breytingar sem kunna að verða í tengslum við notkun á varasömum efnum. Þegar um mjög varasöm efni er að ræða skulu upplýsingarnar veittar skriflega og munnlega.

Atvinnurekandi skal veita starfsmönnum eða fulltrúum þeirra upplýsingar þær sem vísað er til í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar þessarar, óski þeir eftir þeim.

11. gr.

Þjálfun starfsmanna.

Atvinnurekandi skal tryggja að starfsmenn eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækis eða stofnunar fái nægilega og viðeigandi þjálfun. Skal hún einkum fela í sér upplýsingar og leiðbeiningar um:

- a. hugsanlegt heilsutjón,
- b. varúðarráðstafanir sem ber að gera til að koma í veg fyrir mengun,
- c. kröfur um hreinlæti,
- d. notkun hlífa og hlífðarfatnaðar,
- e. ráðstafanir sem starfsmönnum ber að grípa til ef óhöpp verða og til að koma í veg fyrir óhöpp.

Þjálfun skv. 1. mgr. skal veitt þegar starfsmaður hefur störf sem fela í sér snertingu við varasöm efni og reglulega eftir það eins og nauðsyn krefur. Þess skal gætt að þjálfunin sé í samræmi við nýja og breytta áhættuþætti.

III. KAFLI
Heilsuvernd.

12. gr.

Heilsuvernd starfsmanna.

Þegar áhættumatið skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hættu búin skal atvinnurekandi sjá til þess að umræddir starfsmenn njóti heilsuverndar, sbr. XI. kafla laga, nr. 46/1980 með síðari breytingum, og gildandi reglur um heilsufarsskoðun og heilsuvernd.

Heilsuvernd skv. 1. mgr. skal meðal annars fela í sér að starfsmaður geti gengist undir

heilsufarsskoðun þegar mengun frá varasömu efni, sem starfsmaður verður fyrir, veldur sjúkdómi eða öðrum neikvæðum áhrifum á heilsu hans, tiltekinn sjúkdómur getur komið upp við þau vinnuskilyrði sem starfsmaður vinnur við og að aðferðin sem notuð er við heilsufarsskoðunina sé starfsmanni hættulítill.

Starfsmenn er vinna með varasöm efni sem hafa bindandi líffræðileg mengunarmörk, sbr. I. viðauka, skulu gangast undir heilsufarsskoðun áður en þeir hefja störf og reglulega eftir það. Atvinnurekandi skal upplýsa starfsmanninn um þessa skyldu áður en hann hefur störf.

Sá er annast heilsuvernd starfsmanna skal halda skrá um sjúkrasögu viðkomandi starfsmanna sem gangast undir heilsufarsskoðanir auk þeirrar mengunar sem þeir hafa orðið fyrir. Í skránni skal enn fremur koma fram niðurstaða heilsuverndar samkvæmt ákvæði þessu og hvernig henni hefur verið háttað. Fara skal með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Starfsmenn skulu í samræmi við lög og gildandi reglur hafa aðgang að niðurstöðu heilsuverndar er varðar persónu þeirra.

Sá er annast heilsuvernd starfsmanna skal afhenda Vinnueftirliti ríkisins afrit af skrá skv. 4. mgr. óski það eftir því. Fara skal með slíkar skrár sem trúnaðarmál.

Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um öll sjúkdómstilfelli eða dauðsföll sem álitin eru afleiðing vegna mengunar af varasömum efnum á vinnustöðum.

Þegar starfsemi fyrirtækis eða stofnunar er lögð niður skal afhenda Vinnueftirliti ríkisins eintak af skránni skv. 4. mgr. og skal það varðveita hana í samræmi við ákvæði þetta.

13. gr.

Niðurstöður heilsuverndar.

Gefi niðurstaða heilsuverndar til kynna að starfsmaður þjáist af sjúkdómi eða merki eru um önnur neikvæð áhrif á heilsu hans, sem sá er annast heilsuverndina eða annar hæfur sérfræðingur telur vera afleiðingu mengunar frá varasömu efni á vinnustað eða farið hefur verið yfir bindandi líffræðileg mengunarmörk, skal sá er annast heilsuverndina tilkynna starfsmanninum um niðurstöðuna. Þar á meðal skal upplýsa og leiðbeina starfsmanninum um hvers konar heilsuvernd hann eigi kost á eftir að dregið hefur verið úr mengun eins og nauðsyn krefur.

Þegar um er að ræða tilvik skv. 1. mgr. skal atvinnurekandi endurskoða áhættumatið skv. 4. gr., forvarnir skv. 5. gr. og þær ráðstafanir sem hann hefur gripið til skv. 7. gr. reglugerðar þessarar. Enn fremur skal atvinnurekandi leita ráðleggingar hjá sérfræðingi í atvinnusjúkdómum eða öðrum hæfum aðila og gera viðeigandi úrbætur til að ráða bót á ástandinu.

IV. KAFLI

Sérstök ákvæði.

14. gr.

Bann við notkun efna á vinnustöðum.

Óheimilt er að framleiða, meðhöndla eða nota þau varasömu efni sem vísað er til í II. viðauka að því marki sem þar er tilgreint. Markmið þessa banns er að koma í veg fyrir mengun frá þessum efnum og að starfsmenn þurfi að sinna störfum sem tengjast þeim.

15. gr.

Undanþágur.

Vinnueftirliti ríkisins er heimilt að veita undanþágu frá banni skv. 14. gr. þegar:

- efni sem vísað er til í II. viðauka skal notað eingöngu í vísindalegum tilgangi og til prófunar, þar á meðal greiningu,
- um er að ræða starf sem ætlað er að fjarlægja varasöm efni úr úrgangsefnum eða aukaafurðum,

- c. efni sem vísað er til í II. viðauka er framleitt í því skyni að nota það sem milliefni og er notkun efnisins sem milliefnis þá heimil.

Skilyrði fyrir undanþágu skv. 1. mgr. er að atvinnurekandi tryggji að framleiðsla þessara efna og notkun þeirra sem milliefnis eigi sér stað í lokuðu kerfi þannig að einungis sé unnt að ná til þeirra þegar nauðsynlegar mælingar fara fram eða nauðsynlegt viðhald á kerfinu. Skal þannig tryggt að starfsmenn verði ekki fyrir mengun frá þeim efnum sem um er að ræða.

Atvinnurekandi skal láta eftirfarandi upplýsingar fylgja með umsókn til Vinnueftirlits ríkisins um undanþágu skv. 1. mgr.:

- a. ástæðu beiðni um undanþágu,
- b. magn af efni sem ætlað er að verði notað árlega,
- c. þau störf og/eða efnahvörf sem um er að ræða,
- d. áætlaðan fjölda starfsmanna,
- e. varúðarráðstafanir sem ætlað er að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna,
- f. þær tæknilegu ráðstafanir sem eiga að koma í veg fyrir að starfsmenn verði fyrir mengun frá efninu.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

16. gr.

Refsiákvæði.

Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar geta varðað við 99. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

17. gr.

Kæruheimild.

Um kæruheimildir á grundvelli reglugerðar þessarar fer skv. 98. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

VI. KAFLI

Gildistaka.

18. gr.

Reglugerð þessi eru sett samkvæmt heimild í 14., 18., 38., 40., 43., 47., 50., 51. gr., 65. gr. a, 66. og 67. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, til innleiðingar á tilskipun nr. 98/24/EB, um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustað, sem vísað er til í 16. lið í XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 57/1999.

19. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Enn fremur falla úr gildi reglur nr. 765/2001, um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum, reglur nr. 698/1995, um blý og blýsölt og reglur nr. 699/1995, um vinnu með vínýklóríðeinliðu.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. júní 2004.

Árni Magnússon.

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.

I. VIÐAUKI

Bindandi líffræðileg mengunarmörk og heilsuvernd.**1. Blý og jónasambönd þess.**

1.1 Atvinnurekandi skal sjá til þess að starfsmaður sem vinnur með blý fari í heilsufarsskoðun áður en starfið hefst. Heilsufarsskoðun skal framkvæmd þriðja hvert ár á meðan blýmengun varir.

Mælist blýinnihald í blóði starfsmanns það hátt að það leiði til tilfærslu í starfi, sbr. lið 1.2 viðauka þessa skal viðkomandi gangast undir heilsufarsskoðun. Sama á við mælist mengun yfir hálfum gildandi mengunarmörkum sbr. reglur um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun.

Bindandi líffræðileg mengunarmörk fyrir blý í blóði eru 1,0 $\mu\text{mól/l}$ blóð hjá konum undir 50 ára að aldri og 2,0 $\mu\text{mól/l}$ blóð hjá öðru starfsfólki.

Atvinnurekandi skal sjá til þess að blóðsýni sé tekið til að mæla blýinnihald þess áður en starfsmaður hefur störf eða í síðasta lagi 15 dögum eftir starfsbyrjun. Eftir það skal mæla blýinnihald blóðs á þriggja mánaða fresti.

Hafi niðurstöður mælinga síðustu þrjú skiptin þegar mælt var, sýnt að blýmagn í blóði er undir 0,8 $\mu\text{mól/l}$ blóð hjá konum undir 50 ára aldri eða undir 1,5 $\mu\text{mól/l}$ blóð hjá öðru starfsfólki er aðeins þörf á einni mælingu á ári að því tilskildu að vinnuaðstæður séu óbreyttar.

Komi í ljós við heilsufarsskoðun eða reglulega mælingu á blýi í blóði að blýinnihald í blóði er jafnt eða meira en 0,8 $\mu\text{mól/l}$ hjá konum undir 50 ára aldri eða 1,5 $\mu\text{mól/l}$ blóð hjá öðru starfsfólki skal atvinnurekandi kanna ástæður þess og grípa til ráðstafana til að draga úr upptöku blýs hjá viðkomandi starfsfólki.

Sýnataka og greiningar á blýinnihaldi í blóði starfsmanna skal gerð af aðilum sem hafa til þess nægilega kunnáttu.

Vinnueftirlit ríkisins getur krafist frekari heilsufarsskoðana og mælinga á blýi í blóði en fjallað er um í þessum lið. Atvinnurekandi skal veita þeim er framkvæmir heilsufarsskoðunina allar nauðsynlegar upplýsingar vegna hennar. Sá sem framkvæmir heilsufarsskoðun skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um niðurstöður hennar svo og viðkomandi starfsmanni.

Atvinnurekandi skal senda niðurstöður mengunarmælinga og greininga á styrk blýs í blóði til Vinnueftirlits ríkisins. Einnig skal hann kynna niðurstöðurnar fyrir öryggistrúnaðarmönnum og öryggisvörðum og í samráði við þá leggja mat á niðurstöðurnar. Fari starfsmaður fram á það skal atvinnurekandi láta honum í té niðurstöður mengunarmælinga og greininga á blýi í blóði er varða hann sérstaklega. Atvinnurekanda eða öðrum sem þekkja til niðurstaðna blóðrannsóknna er óheimilt að greina óviðkomandi frá þeim nema með samþykki viðkomandi starfsmanna.

1.2 Óheimilt er að láta ungmenni yngra en 18 ára vinna þar sem hættu er á blýmengun.

Bann þetta gildir þó ekki um vinnu sem er hluti af námi ungmennis og vinnu í faginu að námi loknu.

Komi í ljós við heilsufarsskoðun eða reglubundna mælingu á blýi í blóði að blýinnihald í blóði er jafnt eða meira en 1,5 $\mu\text{mól/l}$ blóð hjá konum undir 50 ára aldri eða 2,3 $\mu\text{mól/l}$ blóð hjá öðru starfsfólki skulu viðkomandi flutt í starf þar sem ekki er til staðar blýmengun. Ekki má láta viðkomandi vinna í blýmengun fyrr en blýinnihald í blóði er minna en 1,0 $\mu\text{mól/l}$ hjá konum undir 50 ára aldri og 2,0 $\mu\text{mól/l}$ blóð hjá öðru starfsfólki.

Komi í ljós í þrjú skipti í röð við reglubundna mælingu á þriggja mánaða fresti á

blýi í blóði að blýinnihald í blóði er á bilinu 1,0 og 1,5 $\mu\text{mól/l}$ blóð hjá konum undir 50 ára aldri eða á bilinu 2,0 og 2,3 $\mu\text{mól/l}$ blóð hjá öðru starfsfólki skulu viðkomandi flutt í starf þar sem ekki er til staðar blýmengun. Ekki má láta viðkomandi vinna í blýmengun fyrr en blýinnihald í blóði er minna en 1,0 $\mu\text{mól/l}$ blóð hjá konum undir 50 ára aldri og 2,0 $\mu\text{mól/l}$ blóð hjá öðru starfsfólki.

Konur sem vinna í blýmengun skulu tilkynna atvinnurekanda um þungun sína án ástæðulausrar tafar þegar sú vitneskja liggur fyrir. Óheimilt er að láta konur vinna í blýmengun sem tilkynnt hafa atvinnurekanda að þær séu barnshafandi.

1.3 Aðferðir til að mæla blý í blóði og líffræðilega vísbendingu um blýáhrif.

Blýmagn í blóði: Frumeindagleypin litrófsmæling

ALAU: DAVIS-aðferðin ⁽¹⁾ eða jafngild aðferð

ZPP: Blóðflúormæling ⁽²⁾ eða jafngild aðferð

ALAD: Evrópsk staðalaðferð ⁽³⁾ eða jafngild aðferð

⁽¹⁾ Davis J. R. og Andelman S. L. „Urinary delta-aminolevulinic acid levels in lead poisoning. A modified method for the rapid determination of urinary delta-aminolevulinic acid using disposable ion-exchange chromatographic columns“. Arch. Environ. Health 15, 53-9 (1967).

⁽²⁾ Blumberg W. E., Eisinger J., Lamola A. A. og Zuckerman D. M. „Zinc protoporphyrin level in blood determination by a portable hematofluometer. A screening device for lead poisoning“. J. Lab. Clin. Med. 89, 712-723 (1977).

⁽³⁾ a) Tilskipun ráðsins 77/312/EBE frá 29. mars 1977 um líffræðilega skimun íbúa vegna blýáhrifa. Stjórið. EB nr. L 105, 28. 4. 1977, bls. 10 (III. viðauki).

b) A. Berlin og K. H. Schaller „European Standardized Method for the determination of delta-aminolevulinic acid dehydratase activity in blood“. 3. Klin. Chem. Klin. Biochem. 12, 389-390 (1974).

II. VIÐAUKI

Bönn.

Framleiðsla, gerð eða notkun á vinnustað á þeim efnum er koma fram hér á eftir og störf sem tengjast notkun þeirra er óheimil. Bannið gildir ekki ef þau er að finna í öðru efni eða eru hluti úrgangs, enda sé styrkur einstakra varasamra efna fyrir neðan styrkleikamörkin sem tilgreind eru.

a) Efni:

EINECS-nr. (1)	CAS-nr. (2)	Heiti áhrifavalds	Styrkleikamörk fyrir undanþágu
202-080-4	91-59-8	2-naftýlamín og sölt þess	0,1 % w/w
202-177-1	92-67-1	4-aminódífenýl og sölt þess	0,15 w/w
201-199-1	98-87-5	bensidín og sölt þess	0,1% w/w
202-204-7	92-93-3	4-nítródífenýl	0,1% w/w

(1) EINECS: European Inventory of Existing Commercial Chemical Substances (Evrópuskrá yfir markaðssett efni).

(2) CAS: Chemical Abstracts Service.

b) Störf:
Engin.

REGLUR

um fjárhagsaðstoð í Ásahreppi.

I. KAFLI

Almenn atriði.

1. gr.

Inntak fjárhagsaðstoðar.

Skylt er að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, sbr. og III. kafla reglna þessara.

Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna, m.a. vegna heimilisstofnunar, náms eða óvæntra áfalla, sbr. IV. kafla reglna þessara.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, sbr. og 17. og 18. gr. þessara reglna.

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, svo og skal kanna rétt til aðstoðar samkvæmt lögum um námsstyrki.

Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði félagsmálanefndar, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.¹

2. gr.

Framfærsluskyllda.

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Fólk sem er í skráðri sambúð í þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón. Sambúðin skal hafa verið skráð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram, sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

3. gr.

Lækkun grunnfjárhæðar.²

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa er félagsmálanefnd heimilt að greiða lægri fjárhæð eða allt að helming viðmiðunartölu grunnfjárhæðar til framfærslu sem tilgreind er í III. kafla reglna þessara þann mánuð sem hann hafnar vinnu svo og mánuðinn þar á eftir.

Sama á við atvinnulausan umsækjanda sem ekki framvísar skráningarskírteini eða dagpeningavottorði frá svæðisvinnumiðlun án viðhlítandi skýringa.

¹ Við mat á fjárbörf umsækjanda getur umfangsmikil þekking á félagslegum réttindum hjá starfsmönnum félagsmálanefndar reynst nauðsynleg. Í 18. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er kveðið á um að félagsmálanefndir skuli leitast við að hafa á að skipa menntuðu fólki í félagsráðgjöf eða á hliðstæðu sviði til að annast félagslega ráðgjöf.

² Heimild til að skerða grunnfjárhæðina hjá þeim sem hafnar vinnu eða hefur sagt starfi sínu lausu byggir á því að umsækjandi hafi ekki sýnt fram á, á sannfærandi hátt, að hann hafi leitast við að framfæra sjálfan sig, sbr. 2. gr. Hjá þeim sem er atvinnulaus en framvísar hvorki skráningarskírteini né dagpeningavottorði byggir heimildin á því að hann hafi ekki kannað að fullu rétt sinn til annarra greiðslna, sbr. 4. mgr. 1. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Sveitarfélögin setji sér lágmarksfjárhæð vegna þessara tilvika.

4. gr.

Réttur fylgir lögheimili.³

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Þurfi fólk á skyndilegri aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi er skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þess. Lögheimilissveitarfélag endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn, sbr. 14 gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Skyndiaðstoð hjá Ásahreppi skal ekki vera hærri en sem nemur helmingi grunnfjárhæðar.

5. gr.

Form fjárhagsaðstoðar.

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Fjárhagsaðstoð er einungis veitt sem lán óski umsækjandi þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna, sbr. 25. og 26. gr. þessara reglna, sbr. og 22. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Lán eru vaxtalaus.⁴

6. gr.

Tímabil samþykkis hverju sinni.

Fjárhagsaðstoð skal að öðru jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjú mánuði. Þegar umsækjandi fær jafnframt bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og ljóst er að aðstæður hans muni ekki breytast, er heimilt að samþykkja aðstoð í sex mánuði í senn. Aðstæður þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð lengur en sex mánuði skulu kannaðar sérstaklega, félagsleg ráðgjöf veitt í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og máli vísað til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna ef við á.

Í undantekningartilvikum er heimilt að veita fjárhagsaðstoð vikulega vegna sérstakra aðstæðna.

7. gr.

Fjárhagsaðstoð aftur í tímann.

Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því umsókn er lögð fram, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.⁵

³ Lögheimili manns er sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu, sbr. 1. mgr. 1. gr. lögheimilislaga, nr. 21/1990. Telji starfsmaður dvöl umsækjanda í sveitarfélaginu, sem skráður er þar með lögheimili, ekki ígildi fastrar búsetu, sbr. ákvæði lögheimilislaga, skal tekin ákvörðun um hvort málið verði sent *mantalsskrifstofu sveitarfélagsins* til nánari athugunar.

⁴ Lagt er til að lánin séu vaxtalaus. Er það gert til að einfalda frágang mála og í ljósi þess að þeir sem fá lán hjá félagsþjónustunni eru iðulega lágtekjufólk.

⁵ Vakin er athygli á þjónustu Ráðgjafarstofu heimilanna sem þjónar öllu landinu. Félagsmálanefnd eða starfsmenn hennar geta ákveðið að beina umsækjanda til stofunnar samhliða því að taka málið til umfjöllunar og afgreiðslu. Ákvörðun um að beina umsækjanda til stofunnar má ekki tefja mat á fjárþörf umsækjanda og getur reynst nauðsynlegt að veita aðstoð án tafar. Niðurstaða Ráðgjafarstofunnar yrði síðan höfð til hliðsjónar við ákvörðun um framhaldsaðstoð og leiðbeiningar.

II. KAFLI

Umsókn um fjárhagsaðstoð.

8. gr.

Umsókn og fylgigögn.

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram hjá félagsþjónustunni í lögheimilissveitarfélagi umsækjanda. Í neyðartilfellum er heimilt að leggja umsókn fram í dvalarsveitarfélagi, sbr. 4. gr.

Umsókn skal undirrituð á sérstök umsóknareyðublöð, þar sem fram komi upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri og nákvæmar upplýsingar um tekjur og eignir. Umsókn skal fylgja staðfest skattframtal vegna síðastliðins árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram og mánuðinn á undan, þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarféлага eða öðrum aðilum.

Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd.

Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa skráningarskírteini frá vinnumiðlun er staðfestir atvinnuleysi hans. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa dagpeningavottorði. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði. Hafi hann ekki skráð sig hjá vinnumiðlun, án viðhlítandi skýringa, hefur það áhrif á fjárhæð, sbr. 3. gr. þessara reglna.

9. gr.

Upplýsingar um tekjur og fjárhag umsækjanda.

Félagsmálanefnd getur, ef þörf krefur, aflað frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda, m.a. hjá skattyfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum og Atvinnuleysistryggingasjóði. Skal það gert í samráði við umsækjanda. Neiti umsækjandi að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka stöðvast afgangi umsóknar hans.

Skylt er að veita félagsmálanefnd eða starfsmönnum hennar upplýsingar úr skattframtölum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar. Sama gildir um upplýsingar úr skattframtölum lögskylds framfæranda, enda hafi umsækjandi veitt félagsmálanefnd og/eða starfsmönnum umboð til að afla þessara upplýsinga, sbr. 24. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

III. KAFLI

Réttur til fjárhagsaðstoðar.**Mat á fjárþörf og útreikningur fjárhagsaðstoðar.**

10. gr.

Mat á fjárþörf.

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal grunnfjárþörf til framfærslu, sbr. 11. gr., lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur, sbr. 12. gr.

Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á, sbr. reglur þessar.

11. gr.

*Grunnfjárhæð**Framfærsla barna ekki talin með*

Fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri getur numið allt að 77.083 kr.⁶ á mánuði, hér eftir nefnd *grunnfjárhæð*. Við ákvörðun *grunnfjárhæðar* eru greiðslur almannatrygginga

⁶ Fjárhæðir eftirtalinna bótaflokka almannatrygginga í janúar 2003: Örorkulífeyrir (20.630 kr.), tekjutrygging örorkulífeyrisþega (39.493 kr.) og óskert heimilisuppbót (16.960 kr.), samtals 77.083 kr.

á hverjum tíma hafðar til hliðsjónar, sem nema samanlagðri mánaðargreiðslu örorkulífeyris, tekjutryggingar örorkulífeyrisþega og heimilissuppbótar.

Fjárhagsaðstoð til hjóna og fólks í skráðri sambúð getur numið allt að 123.333 kr. á mánuði (77.083 kr. x 1,6). Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu. Undantekning er þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur skal tekið tillit til skerðingarinnar að fullu við mat á fjárþörf⁷.

12. gr.

Tekjur umsækjanda.

Framfærsla barna ekki talin með.

Allar tekjur umsækjanda og maka ef við á, í þeim mánuði er sótt er um og mánuðinum á undan, eru taldar með við mat á fjárþörf. Með tekjum er hér átt við allar tekjur og greiðslur til umsækjanda og maka,⁸ þ.e. atvinnutekjur, allar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins nema umönnunarbætur, greiðslur úr lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarféлага, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.s.frv. og koma þær til frádráttar. Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

Greiðslur vegna barna teljast ekki til tekna enda ekki reiknað með framfærslukostnaði vegna þeirra við mat á fjárþörf. Barnabætur skal þó kanna sérstaklega, sbr. 2. mgr. 11. gr. þessara reglna.

Húsaleigu- og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og húsaleigubóta, en einnig er gert ráð fyrir honum í *grunnfjárhæð*.

13. gr.

Greiðslur meðlags

Þegar tekjur umsækjanda eru við eða lægri en *grunnfjárhæðin* skal taka tillit til meðlagsgreiðslna með barni eða börnum sem umsækjandi hefur greitt með reglulega fram að þeim tíma að hann fær fjárhagsaðstoð. Hækkar fjárhagsaðstoðin sem nemur einu meðlagi eins og það er á hverjum tíma með hverju barni. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi staðið í skilum með meðlag a.m.k. undanfarna þrjá mánuði. Átt er við meðlagsgreiðslur hverju sinni, en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldur.

Sérákvæði.

14. gr.

Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og fólk í hlutastörfum.

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem hafa lægri tekjur en sem nemur *grunnfjárhæð*, eiga tímabundið rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskildu að þeir hafi stöðvað atvinnurekstur og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, sbr. og 4. mgr. 1. gr. reglna þessara.⁹

⁷ Þar sem barnabætur eru greiddar eftirá geta komið upp tilvik þar sem foreldri fær ekki barnabætur vegna tekna frá fyrra ári. Er talið eðlilegt við mat á fjárþörf að taka tillit til þessa.

⁸ Hér er átt við tekjur í skilningi laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

⁹ Í þeim tilgangi að gefa fólki svigrúm gætu sveitarfélögin ákveðið að fella inn í þessa grein ákvæði um að gera ekki kröfu um að atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar hafi stöðvað rekstur fyrsta mánuðinn sem sótt er um aðstoð. Í þeim tilvikum yrði umsækjanda skylt að leggja fram skattframtal og leitast yrði við að afla rekstrar- og efnahagsreiknings, uppfærðs til næstu mánaðamóta fyrir umsóknardag, sé um bókhaldsskyldan rekstur að ræða.

Sé umsækjandi sjálfstætt starfandi í hlutastarfi með tekjur undir *grunnfjárhæð* skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá vinnumiðlun og leiti að fullu starfi.

15. gr.

Mat á tekjum bænda.

Stundi umsækjandi búrekstur skal mat á tekjum byggt á skattframtali síðasta árs vegna umsókna, sem berast fyrir 1. júlí, en með umsóknum sem berast síðar skal einnig fylgja rekstrar- og efnahagsyfirlit uppfært til 30. júní sl. Þá liggi einnig fyrir greiðslumark búinsins, breytingar á bústofni, yfirlit yfir eignir og skuldir aðrar en þær er tengjast viðkomandi rekstri, auk tekna utan búns undanfarna tvo mánuði. Fjárþörf skal miða við grunnfjárþörf, sbr. 10. gr.

16. gr.

Námsmenn.

Einstaklingar sem stunda nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna geta að öðru jöfnu ekki sótt um fjárhagsaðstoð. Sama á við um maka eða sambýlismann násmanns, enda sé gert ráð fyrir framfærslu maka við útreikning námslána.

IV. KAFLI

Heimildir vegna sérstakra aðstæðna.

17. gr.

Aðstoð til tekjulágra foreldra vegna barna á þeirra framfæri.¹⁰

Heimilt er að veita foreldrum, sem hafa haft tekjur undanfarna fjóra mánuði sem eru við eða lægri en *grunnfjárhæðin*, sérstaka fjárhagsaðstoð. Um er að ræða aðstoð til að greiða fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, lengdan skóladag, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómsundastarfi. Hámark aðstoðar með hverju barni eru 10.000 kr. á mánuði.

Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Hér er átt við foreldra sem hafa haft tekjur á eða undir *grunnfjárhæð* undanfarna 12 mánuði eða lengur. Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað, skólagjöld og ferðakostnað til og frá skóla.

18. gr.

Námskostnaður barna í skóla fjarri heimabyggð.

Heimilt er að taka sérstakt tillit til námskostnaðar barna tekjulágra foreldra sem ekki geta sótt framhaldsskóla í heimabyggð. Við mat á fjárþörf skal taka mið af aðstæðum fjölskyldu, m.a. fjárhag hennar og fjarlægð skóla frá heimili. Skilyrði fyrir aðstoð vegna náms barna fjarri heimabyggð er að sótt hafi verið um námsstyrk samkvæmt lögum um námsstyrki sem samþykkt voru á Alþingi 14. mars 2003¹¹ og fjárþörf síðan metin að teknu tilliti til námsstyrksins.

¹⁰ Átt er við aðstoð til heimila þar sem börnin búa hjá foreldrum eða foreldri sínu.

¹¹ Þessi lög taka gildi 1. júlí 2003 og fjalla um námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum. Styrkirnir eru eftirfarandi, sbr. 3. gr.: Dvalarstyrkur, sem samanstendur af ferðastyrk, fæðisstyrk og húsnæðisstyrk, skólaakstursstyrkur og sérstakir styrkir. Námsstyrkjanefnd auglýsir eftir umsóknum um styrki fyrir vor- og haustönn og úthlutar styrkjum. Menntamálaráðherra setur reglugerð um ákvæði laganna þar sem mælt er fyrir um frest til að skila umsóknum o.fl. Í þessu sambandi er rétt að athuga einnig 12. neðanmálgrein.

19. gr.

Námsstyrkir.

Námsstyrki er heimilt að veita í eftirfarandi tilvikum og aðstoðin miðast við *grunnfjárhæð* ásamt skólagjöldum og bókakostnaði:

- a) til einstaklinga 18-24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla vegna fjárhagslegra og/eða félagslegra erfiðleika,
- b) til einstæðra foreldra 18-24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla og hafa haft atvinnutekjur undir einni milljón kr. undanfarna tólf mánuði,
- c) til einstaklinga sem hafa verið atvinnulausir eða þegið fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur og hafa ekki lokið grunnnámi sem gefur rétt á námsláni.

Starfsmaður skal meta námsframvindu í hverju tilviki miðað við aðstæður hvers og eins. Nemandi skal leggja fram yfirlit yfir skólasókn mánaðarlega og einkunnir í annarlök. Miðað skal við að námið leiði til þess að nemandi geti síðar hafið nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði Íslenskra námsmanna.

Ákvarðanir um námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn og er heimilt að halda námsaðstoð áfram með hliðsjón af námsframvindu.

20. gr.

Styrkur vegna húsbúnaðar.

Fjárhagsaðstoð til kaupa á húsbúnaði er heimil í eftirfarandi tilvikum:

- a) til einstaklings, sem hefur lægri tekjur en sem nema *grunnfjárhæð*, er eignalaus og er að stofna heimili eftir a.m.k. tveggja ára dvöl á stofnun,
- b) til ungs fólks á aldrinum 18-24 ára, sem er eignalaust, með tekjur við eða undir *grunnfjárhæð*, hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum og er að stofna heimili í fyrsta sinn,
- c) til ungra foreldra á aldrinum 18-24 ára, sem eru eignalausir, hafa átt í miklum félagslegum erfiðleikum og eru að stofna heimili í fyrsta sinn.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru að hámarki 100.000 kr. nema þegar einstaklingur er að flytjast á sambylí, þá eru mörkin 40.000 kr.

Húsbúnaðarstyrkir greiðast einu sinni.

21. gr.

Greiðsla sérfræðiaðstoðar.

I. Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga til einstaklinga sem hafa tekjur við eða undir *grunnfjárhæð* og fullnægja a.m.k. einu eftirfarandi skilyrða:

- a) hafa átt við langvarandi atvinnuleysi¹² að stríða eða verið tekjulausir undanfarna sex mánuði eða lengur,
- b) eru lífeyrisþegar¹³,
- c) hafa notið fjárhagsaðstoðar til framfærslu til lengri tíma.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru að hámarki 50.000 kr. á ári.

Kostnaðaráætlun tannlæknis skal fylgja með umsókn.

¹² Með langvarandi atvinnuleysi er átt við atvinnuleysi sem varað hefur í sex mánuði eða lengur.

¹³ Athygli er vakin á rétti til eftirfarandi greiðslna vegna tannlækninga, skv. 4. lið 2. mgr. 37. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993: Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta fullrar tekjutryggingar, 75% kostnaðar, en 50% kostnaðar sé tekjutrygging skert, þó er ekki greitt fyrir gullfyllingar, krónur eða brýr. Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega í allt að 100% eftir reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

II. Heimilt er að veita einstaklingum í eftirtöldum aðstæðum fjárhagsaðstoð til greiðslu viðtala hjá félagsráðgjöfum, geðlæknum og sálfræðingum, sem lið í umfangsmeiri aðstoð:

- a) einstaklingum á aldrinum 18–24 ára, sem alist hafa upp við mikla og langvarandi félagslega erfiðleika,
- b) einstaklingum sem hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða,
- c) einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem skyndilegum ástvinamissi eða alvarlegu ofbeldi.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru að hámarki 55.000 kr. á ári.

22. gr.

Útfararstyrkir.

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið getur ekki staðið undir útför hins látna. Viðmiðunarmörk eru að hámarki 160.000 kr.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk: Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna, launaseðlar og greiðslufirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum, staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks, tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr., sbr. 28. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Heimilt er að veita eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í.

Heimilt er að veita tekjulágu foreldri eða foreldrum fjárhagsaðstoð vegna útfararkostnaðar barns.

Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu og annarra gagna um kostnað vegna útfarar.

23. gr.

Öryggishnappur.

Heimilt er að veita lífeyrisþegum fjárhagsaðstoð vegna öryggishnapps. Skilyrði er að umsækjendur hafi einungis tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins eða tekjur náí ekki *grunnfjárhæð* og þeir þurfi samkvæmt læknisvottorði öryggishnapp til að geta búið heima.

Styrkurinn nemi að hámarki hlut umsækjanda í stofnkostnaði sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir ekki.¹⁴

24. gr.

Áfallaaðstoð.

Heimilt er að veita tekjulágum einstaklingum eða fjölskyldum fjárhagsaðstoð í eftirfarandi tilvikum:

- a) vegna skyndilegs missis búslóðar eða annars eignamissis sem orðið hefur vegna bruna, skriðufalla, snjóflóða eða annarra hamfara. Aðstoðin kemur einungis til álita þegar tjónþoli hefur ekki haft heimilistryggingu eða aðra tryggingu sem bætir tjónið,
- b) þegar rýma þarf íbúð af heilbrigðisástæðum er heimilt að veita aðstoð til kaupa á búslóð.

Hámark aðstoðar eru 100.000 kr.

¹⁴ Mikilvægt er að réttur til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins hafi verið kannaður til hlítar.

25. gr.

Styrkur eða lán til fyrirframgreiðslu húsaleigu.

Heimilt er að veita þeim sem hafa haft tekjur við eða undir *grunnfjárhæð* í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan lán eða styrk til fyrirframgreiðslu húsaleigu. Þinglýstur húsaleigusamningur skal liggja fyrir eða önnur staðfesting um að samningur eigi við rök að styðjast.¹⁵ Miða skal við að leigufjárhæð sé í samræmi við leigu á almennum markaði. Hámark láns er 300.000 kr.

26. gr.

Aðstoð vegna sérstakra fjárhagsferfiðleika.

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki lán eða styrk vegna sérstakra fjárhagsferfiðleika, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- a) staðfest sé að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánaþinggreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana,
- b) fyrir liggi yfirlit starfsmanns félagsþjónustunnar eða Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna um fjárhagsstöðu umsækjanda,
- c) fyrir liggi á hvern hátt lán eða styrkur muni breyta skuldastöðu umsækjanda til hins betra.

Styrkur kemur einungis til álita hafi umsækjandi haft tekjur á eða undir *grunnfjárhæð* undanfandi sex mánuði eða lengur.

Lán skal ekki veitt ef ljóst er að umsækjandi muni ekki geta staðið undir afborgunum af því.

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð vegna greiðsluferfiðleika og til kaupa á nauðsynjum, svo sem gleraugum, fatnaði, heyrnartækjum og öðrum hjálpartækjum sem Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í að greiða.

27. gr.

Um fjárhagsaðstoð sem veitt er í formi láns

Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð í formi láns er að umsækjandi notfæri sér greiðsluþjónustu banka eða sparisjóða, enda liggi fyrir mat á endurgreiðslugetu umsækjanda.¹⁶

Ef veita á fjárhagsaðstoð sem lán og fyrir liggur að umsækjandi er þegar með eldra lán hjá félagsþjónustunni skal gera eldra lánið upp eða sameina það nýrri lánveitingu áður en nýtt lán er veitt.

V. KAFLI

Málsmeðferð**sbr. ákvæði stjórnisýslulaga, nr. 37/1993, og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.**

28. gr.

Könnun á aðstæðum.

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef félagsmálanefnd berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

¹⁵ Þinglýstur samningur getur e.t.v. ekki legið fyrir fyrr en fyrirframgreiðsla hefur verið greidd.

¹⁶ Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna, sem er til húsa að Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, veitir heimilum um allt land ráðgjöf og metur fjárhag og endurgreiðslugetu einstaklinga og fjölskyldna. Það gera greiðsluþjónustur bankanna einnig.

Félagsmálanefnd skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

29. gr.

Samvinna við umsækjanda.

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti talsmann hans ef við á.

30. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum.

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn og fulltrúar í félagsmálanefnd kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

31. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda.

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið félagsþjónustunnar, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

32. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar.

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

33. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar.

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er endurkræf og getur félagsþjónustan endurkafið viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

34. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum.

Félagsmálastjóra er heimilt að afgreiða fjárhagsaðstoð skv. almennum ákvæðum reglnanna. Skal hann kynna umsækjanda niðurstöður tryggilega. Afgreiðslum félagsmálastjóra má skjóta til félagsmálanefndar. Öll heimildarákvæði og vafaatriði ber að leggja fyrir félagsmálanefnd. Kjósi aðilar að koma fram undir kennitölu frekar en nafni skal það virt. Umsækjandi hefur að öðru jöfnu fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til félagsmálanefndar frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálanefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun félagsmálanefndar skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

35. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.¹⁷ Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar.

36. gr.

Hámarksfjárhæðir í IV. kafla um heimildir skulu taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs frá og með nóvember 2003.

Reglur þessar¹⁸ voru samþykktar í félagsmálanefnd Ásahrepps og staðfestar af hreppsnefnd Ásahrepps þann 19. maí 2004, til reynslu til ársloka 2005 í samræmi við 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Félagsmálanefnd ákveður fyrir árslok 2005 hvort tilefni er til endurskoðunar á reglum þessum, annars gilda þær þar til annað verður ákveðið.

Laugalandi, 19. maí 2004.

Jónas Jónsson oddviti.

¹⁷ Úrskurðarnefnd félagsþjónustu hefur aðsetur í félagsmálaráðuneyti, Hafnarhúsi v/Tryggvagötu.

¹⁸ Hér er átt við þær reglur um fjárhagsaðstoð sem sveitarstjórn eða sveitarstjórnir hafa samþykkt að félagsmálanefnd noti við ákvörðun á fjárhagsaðstoð.

REGLUGERÐ

um greiðslu barnabóta.

1. gr.

Almennt.

Ríkissjóður skal greiða barnabætur vegna hvers barns innan 16 ára aldurs til framfæranda barnsins eins og nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

2. gr.

Réttur til barnabóta.

Greiða skal barnabætur með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 90/2003.

Framfærandi barns samkvæmt 1. mgr. telst sá sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess í lok tekjuárs. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi. Skilyrði 1. málsl. eru uppfyllt þótt barnið dvelji tímabundið fjarri raunverulegu heimili, t.d. vegna náms.

Hjón, sem skattlögð eru skv. 62. gr. laga nr. 90/2003, teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambúðarfólk sem uppfyllir í lok tekjuárs skilyrði 3. mgr. 62. gr. laga nr. 90/2003, enda þótt það óski ekki eftir að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Sé svo ástatt að einungis annað hjóna er skattskyld hér á landi skv. 1. gr. laga nr. 90/2003, skal reikna því fullar barnabætur vegna þeirra barna hjónanna sem dveljast hér á landi eftir þeim reglum sem gilda um hjón enda liggi fyrir upplýsingar um tekjur beggja ásamt upplýsingum um fengnar barnabætur eða hliðstæðar greiðslur erlendis vegna sömu barna.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar má ákvarða barnabætur með börnum sem ekki eru heimilisföst hér á landi en eru á framfæri ríkisborgara hins Evrópska efnahagssvæðis, enda séu framfærandi og barnið tryggð á grundvelli 9. gr. b eða 9. gr. c laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, ásamt síðari breytingum. Skilyrði fyrir ákvörðun barnabóta samkvæmt þessari grein er að börnin séu heimilisföst í einhverju ríkja hins Evrópska efnahagssvæðis og að fram séu lögð fullnægjandi gögn frá bæru stjórnvaldi í því landi þar sem börnin eru heimilisföst.

Fyrir barn sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu skal einungis greiða barnabætur í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári. Þannig skal fjárhæð barnabóta skv. 3. gr. og skerðingarmörk vegna tekna sbr. 4. gr. ákvarðast í hlutfalli við dvalartímann.

3. gr.

Fjárhæð barnabóta.

Barnabætur skulu árlega nema 36.308 kr. með öllum börnum yngri en sjö ára á tekjuárinu.

Til viðbótar barnabótum skv. 1. mgr. skal greiða tekjutengdar barnabætur með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem árlega skulu nema 123.254 kr. með fyrsta barni en 146.713 kr. með hverju barni umfram eitt. Tekjutengdar barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu vera 205.288 kr. með fyrsta barni, en 210.584 kr. með hverju barni umfram eitt.

4. gr.

Skerðing barnabóta vegna tekna.

Barnabætur samkvæmt 2. mgr. 3. gr. skal skerða í jöfnu hlutfalli við tekjuskattsstofn umfram 1.444.139 kr. hjá hjónum og umfram 722.070 kr. hjá einstæðu foreldri.

Með tekjuskattsstofni í þessu sambandi er átt við tekjur skv. II. kafla laga nr. 90/2003, þó ekki tekjur skv. 3. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, að teknu tilliti til frádráttar skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003 og frádráttar skv. 31. gr. laga nr. 90/2003. Skerðingarhlutfallið skal vera 3% með einu barni, 7% með tveimur börnum og 9% með þremur börnum eða fleiri.

Fjárhæð barnabóta skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis frá á sama tekjuári vegna barnsins.

5. gr.

Ákvörðun barnabóta.

Barnabætur skulu ákveðnar við álagningu sbr. X. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

Barnabætur skulu greiddar með tveimur jöfnum greiðslum. Fyrri greiðslan skal fara fram eigi síðar en 1. ágúst en síðari greiðslan eigi síðar en 1. nóvember.

6. gr.

Fyrirframgreiðsla barnabóta.

Þar til álagning liggur fyrir, skv. 5. gr., skal ríkissjóður greiða fyrirfram upp í barnabætur ársins vegna barna sem voru yngri en 16 ára í árslok. Miða skal við fjölskyldustöðu framteljanda eins og hún er í árslok.

Við útreikning á skerðingu skv. 4. gr. skal taka tillit til fyrirbyggjandi upplýsinga um staðgreiðsluskyldar tekjur vegna síðustu tólf mánaða ásamt upplýsingum úr framtali fyrra árs, m.a. um tekjur utan staðgreiðslu og eignastöðu í árslok.

Fyrirframgreiðsla skal nema 50% af áætluðum barnabótum ársins og greiðist með tveimur jöfnum greiðslum. Fyrri greiðslan skal fara fram eigi síðar en 1. febrúar en síðari greiðslan eigi síðar en 1. maí.

Heimilt er framteljanda að sækja um breytingu á fyrirframgreiðslu til skattstjóra á grundvelli fyrirbyggjandi framtals ef tekjur og eignir samkvæmt því framtali víkja að verulegu leyti frá þeim upplýsingum sem lagðar voru til grundvallar við ákvörðun fyrirframgreiðslunnar. Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn framteljanda nema að breytingin leiði til a.m.k. 25% hækkunar eða lækkunar á fyrirframgreiðslunni.

Liggi ekki fyrir fullnægjandi upplýsingar að mati skattstjóra til að byggja ákvörðun barnabóta á, t.d. þegar framtali hefur ekki verið skilað, er engin fyrirframgreiðsla ákvörðuð nema að fenginni sérstakri umsókn frá framteljanda.

Fjársýsla ríkisins ávísar barnabótum til útborgunar.

7. gr.

Skuldajöfnun barnabóta.

Barnabætur greiðast til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregnar fyrirframgreiddar barnabætur og ofgreiddar barnabætur, vangreiddir skattar og gjöld til ríkis og sveitarfélaga, ofgreiddar húsaleigubætur og vangreidd meðlög til Innheimtustofnunar sveitarfélaga í þessari forgangs röð:

1. Fyrirframgreiddar barnabætur og ofgreiddar barnabætur.
2. Tekjuskattur.
3. Önnur þinggjöld, sbr. þó 5. tölulið.

4. Útsvar.
5. Tryggingagjald.
6. Vangreidd gjöld maka skv. 1.-4. tölul.
7. Ofgreiddar húsaleigubætur skv. 18. gr. laga nr. 138/1997.
8. Virðisaukaskattur.
9. Bifreiðagjald.
10. Þungaskattur.
11. Vangreidd meðlög eftir kröfu Innheimtustofnunar sveitarfélaga.
12. Kröfur vegna ofgreiddra barnabóta erlendis.

Sköttum og gjöldum sem eru til innheimtu hér á landi á grundvelli Norðurlandasamnings um aðstoð í skattamálum, dags. 7. desember 1989, sbr. lög nr. 46/1990 og milliríkjasamnings Evrópuráðsins og OECD um gagnkvæma stjórnsýsluáðstoð í skattamálum, dags. 25. janúar 1988, sbr. lög nr. 74/1996, skal skipað í framangreinda forgangsroð samhliða sambærilegum sköttum og gjöldum.

8. gr.

Leiðrétting barnabóta.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið barnabóta samkvæmt reglugerð þessari eða barnabætur hafi verið ákvarðaðar of háar skal skattstjóri leiðrétta þær. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. gr. og 96. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í A-lið 68. gr. og 121. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Með gildisstöku þessarar reglugerðar fellur úr gildi reglugerð nr. 63/1999, um greiðslu barnabóta, með síðari breytingum.

Fjármálaráðuneytinu, 21. júní 2004.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Guðmundur Thorlacius.

REGLUGERÐ

um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna kauptryggingar fiskvinnslufólks.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs til fyrirtækja sem starfrækja verkun og vinnslu sjávarafla, þ.e. í flakavinnslu, frystingu, söltun, skreiðarverkun, rækju- og skelvinnslu og hafa greitt starfsfólki sínu föst laun fyrir dagvinnu í tímabundinni vinnslustöðvun í samræmi við ákvæði kjarasamnings um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnslu.

2. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a. *Kauptryggingarsamningur*: Samningur milli vinnuveitanda og starfsmanns um kauptryggingu í samræmi við ákvæði almennra kjarasamninga um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnslu.
- b. *Vinnslustöðvun*: Eðlilegri vinnslu verður ekki haldið áfram í fiskvinnslufyrirtæki, í tiltekinni deild þess eða vinnslulínu vegna hráefnisskorts eða annarra viðlíka ástæðna, svo sem bruna, bilunar í vélum eða vegna þess að ekki er talið réttlæt看legt að vinna aflu vegna ónógs magns, enda taki vinnslustöðvunin til meirihluta starfsmanna í hlutaðeigandi deild eða vinnslulínu. Ekki er átt við vinnslustöðvun á annars venjubundnum vinnslutíma fyrirtækis sem rekja má eingöngu til uppsetningar á nýjum tækjabúnaði fyrirtækis, breytinga á vinnsluhúsnæði fyrirtækis eða sumarorlofs starfsmanna.
- c. *Starfsmenn*: Launamenn er starfa hjá fiskvinnslufyrirtæki skv. 1. gr. og gera kauptryggingarsamning í samræmi við ákvæði almennra kjarasamninga um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnslu. Ekki er átt við þá er starfa eingöngu við löndun aflu og flutning til vinnslustöðvanna.

3. gr.

Tilkynning um fyrirhugaða vinnslustöðvun.

Fyrirtæki sem hyggst sækja um greiðslu samkvæmt lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks skal tilkynna skriflega um fyrirhugaða vinnslustöðvun til Vinnumálastofnunar eigi síðar en deginum áður en henni er ætlað að hefjast. Verði breyting á fyrirhugaðri vinnslustöðvun skal tilkynna um hana að nýju með sama fyrirvara og áður.

Myndsenda skal tilkynninguna til Vinnumálastofnunar eða senda hana með rafrænum hætti.

4. gr.

Staðfesting tilkynningar.

Fyrirtæki skal staðfesta tilkynningu skv. 3. gr. með umsókn um greiðslur á þar til gerðu eyðublaði innan mánaðar frá því að vinnslustöðvun hófst.

Nauðsynlegar upplýsingar um vinnslustöðvunina skulu fylgja umsókninni, þar á meðal ástæður vinnslustöðvunarinnar, skrá yfir þá starfsmenn sem lögðu niður störf vegna vinnslustöðvunarinnar ásamt kennitölum þeirra og hvaða daga vinnslustöðvunin stóð yfir. Eingöngu er átt við þá starfsmenn sem sannanlega lögðu niður störf og tóku ekki annað launað starf

meðan á vinnslustöðvun stóð, hvort sem það var hjá sama fyrirtæki eða öðru fyrirtæki. Vinnu-málastofnun er heimilt að óska eftir frekari gögnum telji hún það nauðsynlegt, svo sem afritum úr vinnslubókhalda fyrirtækis, afritum af launaseðlum starfsmanna sem taka til þess tímabils er vinnslustöðvun stóð yfir og afritum af tímaskráningu starfsmanna, t.d. stimplun úr stimpilklukku, fyrir sama tímabil.

Hafi hvorki umsókn né tilskilin gögn borist Vinnu-málastofnun innan þriggja mánaða frá því að vinnslustöðvun hófst mun réttur fyrirtækisins falla niður að því er varðar umrædda vinnslustöðvun.

5. gr.

Kauptryggingarsamningar.

Með fyrstu umsókn fyrirtækis skv. 4. gr. skulu fylgja afrit af gerðum kauptryggingar-samningum, undirrituðum af samningsaðilum ásamt dagsetningu samninga og gildistíma þeirra. Enn fremur skal þar koma fram samningsbundið starfshlutfall starfsmanns.

Verði breytingar á starfsfólki eða starfshlutfalli starfsmanna fyrirtækis ber fyrirtækinu að taka það sérstaklega fram í umsókn til Vinnu-málastofnunar skv. 4. gr. Með umsókninni, sbr. 1. mgr., skal fyrirtækið þá láta fylgja afrit af kauptryggingarsamningi starfsfólks sem nýlega hefur hafið störf og taka fram hafi aðrir starfsmenn látið af störfum hjá fyrirtækinu.

6. gr.

Umsókn um greiðslur vegna starfsfræðslunámskeiða.

Fyrirtæki sem hyggst senda starfsfólk sitt á starfsfræðslunámskeið sem haldið er að opinberri tilhlutan á öðrum tíma en þegar vinnslustöðvun varir, sbr. 4. gr. laganna um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, skal tilkynna skriflega um fyrirhugað námskeið með minnst sólarhrings fyrirvara.

Myndsenda skal tilkynninguna til Vinnu-málastofnunar eða senda hana með rafrænum hætti.

Að námskeiði loknu skal fyrirtæki sækja um greiðslur til Vinnu-málastofnunar og skulu sömu upplýsingar fylgja umsókninni og kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr., eftir því sem við getur átt. Enn fremur skal fylgja umsókninni staðfesting frá þeim aðila er stendur fyrir námskeiðinu þar sem fram koma nöfn þeirra starfsmanna er sóttu námskeiðið, lengd námskeiðsins (klst.), hvaða daga það stóð yfir og efni þess.

7. gr.

Útgreiðsla úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Þegar umsókn um greiðslur ásamt tilskildum gögnum hafa borist Vinnu-málastofnun skv. 4. eða 6. gr. skal stofnunin greiða úr Atvinnuleysistryggingasjóði til umsækjenda eins fljótt og unnt er.

Óheimilt er að greiða úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna starfsmanna er tóku launuð störf, hvort sem er hjá sama fyrirtæki eða öðru fyrirtæki, meðan á vinnslustöðvun stóð.

8. gr.

Kæruheimild.

Heimilt er að kæra ákvörðun Vinnu-málastofnunar um greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem tekin er á grundvelli laga um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks og reglugerðar þessarar til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Um málsmeðferð kæru skal fara eftir stjórnsýslulögum nr. 37/1993, með síðari breytingum.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 5. gr. laga nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, með síðari breytingum, og 30. gr. laga nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Enn fremur falla úr gildi reglugerð nr. 308/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna kauptryggingar fiskvinnslufólks og reglugerð nr. 68/1999, um breytingu á reglugerð nr. 308/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna kauptryggingar fiskvinnslufólks.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. júní 2004.

Árni Magnússon.

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akureyri.

Breyting á deiliskipulagi 1. áfanga Giljahverfis.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 1. júní 2004 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Giljahverfis. Breytingin varðar lóð nr. 29 við Tröllagil og felst m.a. í því að lóðin stækkar til norðurs, heimilt verður að reka leikskóla í húsinu, það verður 9 hæðir í stað 8, grunnflötur þess stækkar og íbúðum fjölga úr 20 í 35.

Breyting á deiliskipulagi 4. áfanga Giljahverfis.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 20. apríl 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi 4. áfanga Giljahverfis. Breytingin varðar lóð nr. 11-13 við Fannagil og felst í því að parhús á lóðinni verður einnar hæðar í stað tveggja og byggingarreitur verður 10 m djúpur í stað 9 m áður.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

Akureyri, 22. júní 2004.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð um skýrslugerð vegna smitsjúkdóma nr. 129/1999.

1. gr.

1. gr. orðast svo:

Sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir því að haldin sé smitsjúkdómaskrá. Skráin tekur til smitsjúkdóma, sýklalyfjanotkunar og bólusetninga (ónæmisáðgerða) sbr. reglugerð um bólusetningar á Íslandi. Sóttvarnalæknir skal fá afhentar upplýsingar úr lyfjagagnagrunni landlæknis skv. 27. gr. lyfjalaga og frá heilbrigðisstofnunum til að halda skrá um sýklalyfjanotkun. Upplýsingarnar skulu vera ópersónugreinanlegar.

Til að halda skrá um sýklalyfjanotkun kallar sóttvarnalæknir eftir upplýsingum úr lyfjagagnagrunni landlæknis og frá sjúkrastofnunum. Þær upplýsingar mega ekki bera með sér önnur persónuauðkenni en aldur, kyn og búsetu samkvæmt póstnúmeri þeirra sem lyfjunum hefur verið ávísað á, sérgrein læknis, sjúkrastofnun og deild þar sem sjúkrastofnun er deildarskipt. Upplýsingar um sýklalyfjanotkun skulu vera ópersónugreinanlegar. Forstöðumönnum heilbrigðisstofnana er skylt að senda sóttvarnalækni upplýsingar um magn sýklalyfja sem notað er á viðkomandi stofnun, skipt eftir deildum þar sem það á við. Gæta skal fyllsta trúnaðar um allar einkalífsupplýsingar sem fram koma í smitsjúkdómaskrá og gilda um skrána sömu reglur og aðrar sjúkraskrár. Ítrustu varúðar skal gætt við meðferð, vörslu og sendingu upplýsinga um tilkynningaskylda sjúkdóma.

Sóttvarnalæknir gefur nánari fyrirmæli um tilhögun skráningar og tilkynninga í smitsjúkdómaskrá og skrá um sýklalyfjanotkun, m.a. um hvaða ráðstafanir skuli viðhafðar til að tryggja öryggi persónuupplýsinga varðandi tilkynningaskylda sjúkdóma.

2. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 3. gr.:

Á eftir orðunum „nánari fyrirmælum sóttvarnalæknis“ koma orðin „sbr. 1. gr.“

3. gr.

4. gr. orðast svo:

Skráningarskyldir sjúkdómar.

Skráningarskyldir sjúkdómar eru:

afbrigðilegar berkласýkingar	lungnabólga
bráður niðurgangur	Lyme sjúkdómur (borreliosis)
condyloma genitalis	matareitrun af völdum sýkla eða
eyrnabólga	eiturefna þeirra
flatlús	mýrarkalda (malaría)
hálsbólga	njálgur
heilabólga	psittacosis
(encephalitis/meningoencephalitis)	ristill (herpes zoster)
heilahimnubólga af völdum sýkla	skarlatssótt
heilahimnubólga af óþekktum toga	sýkingar af völdum fjölónæmra sýkla
hlaupabóla	áðgerðartengdar sýkingar í
höfuðlús	heilbrigðisþjónustunni
inflúensa	toxóplasmásýking
kláðamaur	þvagrásarbólga af óþektri orsök

4. gr.

5. gr. orðast svo:

Tilkynningaskyldir sjúkdómar.

Tilkynningaskyldir sjúkdómar eru:

barnaveiki	kólera
berklar	legíónellusýking
bólusótt	lekandi
bótúlismi	lifrabólga A
Creutzfeldt Jacob veiki og afbrigði hennar	lifrabólga B
enterohemorrhagisk E. coli sýking	lifrabólga C
giardiasis	lifrabólga E
gulusótt og aðrar blæðandi veiruhitasóttir	lifrabólga vegna annarra veira
heilkenni alvarlegrar bráðrar	linsæri
lungnabólgu (HABL)	listeríusýking
hemofilus influenza sjúkdómur gerð b	lömunarveiki
hettusótt	meningókokkasjúkdómur
hérasótt (tularemia)	miltisbrandur
HIV-sýking	mislingar
holdsveiki	rauðir hundar
hundaæði	salmonellusýking
huldusótt (Q-fever)	sárasótt
inflúensa A sem valdið getur heimssótt	sígellusýking
kampýlóbactersýking	stífkrampi
kikhósti	svarti dauði
klamydíusýking	öldusótt (brucellosis)

5. gr.

1. mgr. 6. gr. orðast svo:

Tilkynningu um tilkynningaskyldan sjúkdóm eða sjúkdómsvald skal senda sóttvarnalækni án tafar. Sóttvarnalækni er heimilt að fela göngudeildum smitsjúkdóma, sbr. 1.- 3. gr. reglugerðar nr. 131/1999 um göngudeildir vegna tilkynningaskyldra smitsjúkdóma og um undanþágu frá greiðsluhlutdeild sjúklinga, að halda skrá yfir tilkynningaskyld sjúkdóms-tilfelli.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 18. gr., sbr. 3. gr., sóttvarnalaga nr. 19/1997, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 21. júní 2004.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 990/2001, um greiðslu vaxtabóta, með síðari breytingu.

1. gr.

Í stað „75/1981“ í 2. gr. reglugerðarinnar kemur: 90/2003.

2. gr.

Orðin „sbr. 23. gr. rg. nr. 157/2001, um húsbréf og húsbréfavíðskipti“ í 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar falla brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „456.112“, „598.778“ og „741.442“ kemur: 480.371, 630.626 og: 780.878.
- b. Í stað „70. gr.“ kemur: 69. gr.
- c. Í stað „75/1981“ kemur: 90/2003.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „3.430.678“, „5.489.085“, „5.686.940“ og „9.099.104“ kemur: 3.613.148, 5.781.037, 5.989.414 og: 9.583.062.
- b. Í stað „63. gr.“ kemur: 62. gr.
- c. Í stað „73. gr.“ kemur: 72. gr.
- d. Í stað „76. gr.“ kemur: 75. gr.
- e. Í stað „75/1981“ kemur: 90/2003.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „156.290“, „201.000“, „258.459“ og „577“ kemur: 164.603, 211.691, 272.206 og: 600.
- b. Í stað „63. gr.“ kemur: 62. gr.
- c. Í stað „75/1981“ kemur: 90/2003.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „63. gr.“ kemur: 62. gr.
- b. Í stað „75/1981“ kemur: 90/2003.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „114.028“, „149.695“, „185.361“ í 1. mgr. kemur: 120.093, 157.657 og: 195.220.
- b. Í stað „39.073“, „50.250“ og „64.615“ í 3. mgr. kemur: 41.151, 52.923 og: 68.052.

8. gr.

Í stað „63. gr.“ og „75/1981“ í 2. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar kemur: 62. gr. og: 90/2003.

9. gr.

Í stað „577“ í 2. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar kemur: 600.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. reglugerðarinnar:

- a. Orðin „(þó ekki aðstöðugjald)“ í 7. tölul. 2. mgr. falla brott.
- b. Orðin „álagður 10. júní 1996 eða síðar“ í 11. tölul. 2. mgr. falla brott.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „69. gr.“ í 1. mgr. kemur: 68. gr.
- b. Í stað „75/1981“ í 1. mgr. kemur: 90/2003.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í B-lið 68. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingu, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 21. júní 2004.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Guðmundur Thorlacius.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, Votihvammur, Egilsstöðum.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. júní 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017 frá 10. júlí 2002 vegna íbúðarbyggðar í Votahvammi, Egilsstöðum.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Opið svæði til sérstakra nota (U3) í Votahvammi breytist í íbúðarsvæði, um 1 ha að stærð.
- Íbúðarsvæði austan Árskóga breytist í opið svæði til sérstakra nota (U3), um 2,5 ha að stærð.
- Inn á íbúðarsvæðið í Votahvammi er bætt við fjórum nýjum vegtengingum.
- Reiðstígur meðfram Eyvindará er felldur niður.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Austur-Héraðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 24. júní 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga, nr. 944/2000, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Fyrir lok desembermánaðar skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs fyrir sveitarsjóð, stofnanir og fyrirtæki sveitarfélagsins.

2. gr.

Í stað orðanna „eins mánaðar“ í 11. gr. reglugerðarinnar kemur: tveggja mánaða.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. reglugerðarinnar:

a. 1. mgr. verður svohljóðandi:

Sveitarfélög skulu senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun sína fyrir næsta ár þegar hún hefur fengið afgreiðslu í samræmi við sveitarstjórnarlög. Hið sama á við um þriggja ára áætlun. Fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun skal skila til ráðuneytisins á rafrænu formi sem uppfyllir kröfur sem ráðuneytið setur.

b. Við 3. mgr. bætist ný setning, svohljóðandi:

Auk undirritaðs ársreiknings skal skila til ráðuneytisins rafrænu eintaki á formi sem ráðuneytið samþykkir.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum 67. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, staðfestist til að öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytinu, 24. júní 2004.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna, nr. 57 5. febrúar 1992.

1. gr.

Í stað orðsins „Bessastaðahreppur“ í 25. tölulið 1. gr., sbr. reglugerð nr. 102 23. janúar 2001, komi: Sveitarfélagið Álftanes.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 11. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. júní 2004.

Björn Bjarnason.

Þorsteinn Geirsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frístundabyggð í landi Ásgarðs.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. júní 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014 frá 28. apríl 2003.

Breytingin felst í því að landnotkun á 28,6 ha svæði í landi Ásgarðs, frá Fljótsbakka að sunnanverðu sem liggur á milli Sogsins og Þingvallavegar, breytist úr íbúðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð. Svæðið er auk þess stækkað til suðurs þar sem landbúnaðarsvæði er tekið undir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 24. júní 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Hrauns 1 í Fjarðabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 3. júní 2004 samþykkt breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðisins Hraun 1 á Reyðarfirði.

Breytingin felst í að færð eru út mörk deiliskipulagssvæðisins þannig að hjáveituskurðir vegna vatns úr fjallinu ofan við svæðið verði innan svæðisins, sýnd er einnig staðsetning skurða og fyrirstöðugarða þeim tengdum.

Bæjarstjórn mun bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt er fellt úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 19. maí 2004.

Fjarðabyggð, 8. júní 2004.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar,

Gunnar Jónsson, staðgengill bæjarstjóra.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Bíldudals 1986-2006, landfylling á hafnarsvæði, Vesturbyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. júní 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Bíldudals 1986-2006, frá 6. nóvember 1986.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir 2,4 ha landfyllingu á hafnarsvæði ásamt 100 m viðlegukanti. Landnotkun á uppfyllingu verður iðnaðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Vesturbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 24. júní 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, íbúðarbyggð við Reykjavíkurveg og Flatahraun.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. júní 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að svæði næst gatnamótum Reykjavíkurvegar og Flatahrauns (Reykjavíkurvegur 50 og 52 og Flatahraun 1) er breytt úr iðnaðar-, verslunar- og þjónustusvæði í annars vegar íbúðar-, verslunar- og þjónustusvæði og hins vegar í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 24. júní 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Miðbær Kópavogs. Digranesvegur 1. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 23. apríl 2004 samþykkt tillögu að deiliskipulagi suðurhluta gjárinnar í Miðbæ Kópavogs. Í tillögunni felst heimild til að reisa 2ja hæða atvinnu- og þjónustuhúsnæði, Digranesvegur 1, yfir suðurhluta gjárinnar samtals um 1800 m² að gólfflatarmáli og yfirbyggingu gjárinnar (torg) milli Hamraborgar 8 og fyrirhugaðrar nýbyggingar að Digranesvegi 1.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 21. maí 2004.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015, Merkilandstún, Sveitarfélaginu Árborg.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. júní 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015, frá 4. september 1996.

Breytingin felst í því að íbúðarbyggð og opið svæði við Austurveg verður svæði með blandaða landnotkun, fyrir verslun, skrifstofur, opinbera þjónustu og iðnað.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 24. júní 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, íbúðarbyggð á Völlum.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. júní 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að legu Ásbrautar er breytt og reitir sunnan og austan hennar stækka lítillega á kostnað miðsvæðis og stofnanareits S46 vestan við hana. Íbúðarsvæði austan Ásbrautar stækkar á kostnað miðsvæðis auk þess sem gert er ráð fyrir tveimur nýjum stofnanasvæðum fyrir sundlaug og kirkju, S51 og S52, þar sem áður var gert ráð fyrir opnu svæði til sérstakra nota og miðsvæði. Einnig er megingöngustígum lítillega breytt.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 24. júní 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

GJALDSKRÁ

um gatnagerðargjöld í Rangárbíngi ytra.

1. gr.

Á fasteignir í sveitarfélaginu skal leggja gatnagerðargjald eftir því sem nánar segir í gjaldskrá þessari. Gatnagerðargjald leggst á nýbyggingar, stækkun eldri húsa og áður byggð hús við götur sem sveitarfélagið lætur gera og sem ætlað er að bundið slitlag verði lagt á eða þar sem bundið slitlag hefur þegar verið lagt á. Heimilt er að auki að leggja gatnagerðargjald á óbyggðar lóðir, ef þær eru notaðar tímabundið eða varanlega til annars en bygginga, sbr. 3. gr., t.d. geymslulóðir. Gatnagerðargjald er fyrst gjaldkræft við úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélagsins og við útgáfu byggingarleyfis á öðrum lóðum. Gatnagerðargjald getur verið gjaldkræft síðar skv. ákvörðun sveitarstjórnar. Gjaldskrá þessi er sett skv. heimild í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundradshluti byggingarkostnaðar, eins og hann er á hverjum tíma í vísitöluhúsi fjölbýlis samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Hundradshluti byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegund sem hér segir:

Einbýlishús	5%
Rað- og fjölbýlishús (mest 4 íbúðir)	4%
Fjölbýlishús (5 íbúðir eða fleiri)	3,5%
Atvinnuhúsnaði, þ.m.t. opinberar stofnanir	4%
Annað húsnaði - eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar	3% - 6%

Bifreiðageymslur beri helming hundradshluta viðkomandi byggingaflokks.

Rúmmál byggingar, þ.m.t. bifreiðageymslur og annað húsnaði, skal reikna eftir ÍST 90 og miða við brúttóstærðir.

Í atvinnuhúsnaði sem þarf vegna starfsemi sinnar meira en 5,5 metra lofthæð, skal við útreikning rúmmáls vegna álagningar gatnagerðargjalds miða við 5,5 metra lofthæð, þó hún sé meiri í raun.

Að auki skal greiða kr. 77 í gatnagerðargjald af hverjum fermetra lóðar. Gjald þetta breytist um sama hlutfall og breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar frá nóvember 2003.

3. gr.

Gjald skal miða við stærð húss og lóðar skv. samþykktum uppdrætti af húsi og skipulagsuppdrætti af lóð. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur af húsi, og skal þá miða við stærð húss sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldir lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m ³
Rað- og fjöleignarhús (mest 4 íbúðir), hver íbúð	400 m ³
Fjöleignarhús (5 íbúðir eða meira), hver íbúð	300 m ³

Í atvinnuhúsnaði skal við útreikning rúmmáls vegna álagningar gatnagerðargjalds miða við lofthæð að lágmarki 3,5 m, nema uppdráttur sýni annað. Áætla skal nýtingarhlutfall lóðar 0,3 - 0,5 eftir nánari ákvörðun skipulags- og byggingarnefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi.

Framangreindar reglur í 1. og 2. málsgrein gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækunar tekur.

Endanlegt gatnagerðargjald skal reikna skv. 2. gr. þegar samþykktur uppdráttur liggur fyrir og það greitt við veitingu byggingarleyfis.

4. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gatnagerðargjald útreiknað skv. 2. og 3. gr. vegna breytilegs kostnaðar við undirbyggingu og frágang gatna, m.a. vegna kostnaðar við land, jarðvegsdýpt, stærð og staðsetningu lóðar við götu o.fl.

5. gr.

Þegar hús er rífið eða fjarlægð af lóð og nýtt byggt í staðinn, er heimilt að innheimta gatnagerðargjald að því er stækkuninni nemur skv. 2. gr. Sama gildir ef hús brennur eða eyðileggst af öðrum völdum og byggt er nýtt hús á lóðinni. Ef veitt er heimild fyrir breyttri notkun húss þannig að það færist í hærri gjaldflokk gatnagerðargjalda, skal greiða viðbótargatnagerðargjald sem nemur mismun á gjaldflokkunum. Ef hús færist í lægri gjaldflokk endurgreiðist mismunur gatnagerðargjalds samkvæmt gjaldflokkunum ekki.

6. gr.

Reikning fyrir gatnagerðargjaldi er heimilt að gera þegar hús er fokhelt eða fyrr ef sveitarstjórnin ákveður það sbr. ákv. 1. gr. Reikning fyrir gatnagerðargjaldi á eignarlóðir er heimilt að gera við útgáfu byggingarleyfis. Ef gatnagerðargjald er lagt á óbyggða lóð í eigu sveitarfélagsins er heimilt að gera reikning við úthlutun lóðarinnar. Reikning fyrir viðbótargatnagerðargjaldi er heimilt að gera við útgáfu byggingarleyfis. Greiða skal a.m.k. 20% af álögðu gatnagerðargjaldi innan 30 daga frá útgáfu reiknings og afganginn með skuldayfirlýsingu til fjögurra ára.

Sveitarstjórn er heimilt að semja við greiðendur um önnur greiðslukjör. Heimilt er að fresta gjaldfellingu gatnagerðargjalds af atvinnuhúsnæði í allt að 5 ár frá veitingu byggingarleyfis.

7. gr.

Sveitarstjórn getur ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum þegar byggingar falla ekki undir ákvæði gjaldskrár þessarar.

8. gr.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt í eftirtöldum tilvikum:

- a) Ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð.
- b) Ef gatnagerðargjald hefur verið lagt á í tengslum við útgáfu byggingarleyfis en leyfið fellur úr gildi eða er felld úr gildi. Á það jafnt við um gatnagerðargjald af eignarlóðum og viðbótargatnagerðargjald sbr. 5. gr.

Endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. a-lið 1. mgr. er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, en þó ekki lengur en í 6 mánuði. Frestur til endurgreiðslu er í öðrum tilvikum 1 mánuður frá því að lóðarhafi leggur fram ósk um endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. b-lið 1. mgr.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt og verðbætt miðað við vísitölu byggingarkostnaðar frá því lóðarhafi greiddi gatnagerðargjaldið til endurgreiðsludags.

9. gr.

Nú greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald á tilskyldum tíma og þá er sveitarstjórn heimilt að afturkalla byggingarleyfi og/eða lóðarúthlutun.

10. gr.

Lóðarhafi ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds. Gatnagerðargjald er ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Lögveðsrétturinn tekur einnig til váttryggingarfjár viðkomandi eignar. Lögveðsrétturinn helst þó samið verði um greiðslufrest skv. 2. mgr. 6. gr. og skal þess getið í skilmálum.

11. gr.

Samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld og álögð gatnagerðargjöld fyrir 9. júní 2002 og í fyrrum sveitarfélögum skulu halda gildi sínu og innheimtast skv. heimild í ákvæði til bráðabirgða í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996, sbr. 15. gr. reglugerðar um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárbings ytra þann 16. júní 2004 og tekur gildi við birtingu.

Hellu, 16. júní 2004.

F.h. hreppsnefndar Rangárbings ytra,
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um landsnefnd og sérfræðiráð Lýðheilsustöðvar.

1. gr.

Landsnefnd um lýðheilsu.

Nefndin er skipuð af ráðherra til fjögurra ára í senn. Heilbrigðis- og tryggingamála-ráðherra skipar formann án tilnefningar, einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Félags um lýðheilsu og einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Landsamtaka heilsugæslustöðva og heilbrigðisstofnana. Þá eiga formenn sérfræðiráða Lýðheilsustöðvar og landlæknir eða fulltrúi tilnefndur af honum sæti í nefndinni. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Landsnefnd um lýðheilsu er ráðgjafarnefnd Lýðheilsustöðvar um fagleg málefni og stefnumótun á sviði lýðheilsu.

Forstjóri Lýðheilsustöðvar undirbýr fundi landsnefndar og situr fundi hennar með málfrelsi og tillögurétt.

2. gr.

Hlutverk sérfræðiráða.

Sérfræðiráð skulu vera Lýðheilsustöð og öðrum sem starfa að forvörnum og lýðheilsu til ráðgjafar. Þau skulu jafnframt, í samráði við stjórnendur Lýðheilsustöðvar, veita stjórnvöldum og öðrum sem þess óska umsagnir um stjórnvaldsreglur og önnur málefni sem tengjast verkefnum þeirra. Um hlutverk þeirra vísast að öðru leyti til ákvæða 3. - 7. greinar reglugerðar þessarar.

3. gr.

Áfengis- og vímuvarnaráð.

Heilbrigðisráðherra skipar fimm menn og jafnmarga til vara til setu í áfengis- og vímuvarnaráði til fjögurra ára í senn. Leitast skal við að velja einstaklinga sem eru sérfróðir um áfengis- og vímuvarnir. Einn fulltrúi skal tilnefndur af landlækni og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ráðherra skipar þrjá fulltrúa án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir með sama hætti.

Hlutverk áfengis- og vímuvarnaráðs er að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir, sérstaklega meðal barna og ungmenna, og hafa eftirlit með að ákvæðum laga og reglugerða um áfengis- og vímuvarnir sé framfylgt.

Ráðið skal móta tillögur um aðgerðir á sviði áfengis- og vímuvarna í samvinnu við Lýðheilsustöð.

Ráðið skal stuðla að samvinnu og samræmingu milli þeirra sem starfa að áfengis- og vímuvörnum, svo sem heilsugæslu og annarra heilbrigðisstofnana, sveitarstjórna, löggæslu, menntakerfis, refsivörslukerfis og félagssamtaka.

Áfengis- og vímuvarnaráð skal gera tillögur til Lýðheilsustöðvar um ráðstöfun fjár úr Forvarnasjóði, skv. 7. gr. laga nr. 96/1995 um gjald af áfengi og tóbaki, til verkefna á sviði áfengis- og vímuvarna. Að öðru leyti vísast til reglugerðar nr. 361/1999 um Forvarnasjóð.

4. gr.

Manneldisráð.

Heilbrigðisráðherra skipar fimm menn og jafnmarga til vara til setu í manneldisráði til fjögurra ára í senn. Leitast skal við að velja einstaklinga sem eru sérfróðir um manneldismál. Landlæknir skal tilnefna einn fulltrúa og einn til vara. Ráðherra skipar fjóra fulltrúa án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir með sama hætti.

Hlutverk manneldisráðs er að stuðla að heilsusamlegu mataræði þjóðarinnar í samræmi við manneldismarkmið. Ráðið skal vinna að samræmingu rannsókna og fræðslu á sviði manneldisfræði í samráði við skóla, heilsugæslu og stofnanir á sviði matvælaeftirlits.

Manneldisráð mótar ráðleggingar um mataræði í samvinnu við Lýðheilsustöð og er faglegur ráðgjafi stöðvarinnar í manneldismálum.

5. gr.

Slysavarnaráð.

Heilbrigðisráðherra skipar sjö menn og jafnmarga til vara til setu í slysavarnaráði til fjögurra ára í senn. Sex fulltrúar skulu tilnefndir af eftirtöldum aðilum; Landlækni, Slysavarnafélaginu Landsbjörgu, Umferðarráði, Vinnueftirliti ríkisins, Samtökum tryggingafélaga og Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Ráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir með sama hætti.

Hlutverk slysavarnaráðs er að stuðla að fækkun slysa.

Ráðið skal sjá til þess að slys séu skráð með samræmdum hætti. Jafnframt skal ráðið hlutast til um úrvinnslu skráðra upplýsinga og birtingu þeirra. Ráðið mótar reglur um framkvæmd skráningar og aðgang að upplýsingum úr skránni. Samræmd slysaskrá skal varðveitt hjá landlækni.

Slysavarnaráð mótar tillögur um slysavarnir í samvinnu við Lýðheilsustöð og skulu þær m.a. byggðar á gögnum slysaskrár.

6. gr.

Tóbaksvarnaráð.

Heilbrigðisráðherra skipar fimm menn og jafnmarga til vara til setu í tóbaksvarnaráði til fjögurra ára í senn. Leitast skal við að velja einstaklinga sem eru sérfróðir um tóbaksvarni. Einn fulltrúi skal tilnefndur af landlækni og einn af Krabbameinsfélaginu. Ráðherra skipar þrjá fulltrúa án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir með sama hætti.

Hlutverk tóbaksvarnaráðs er að stuðla að tóbaksvörnum. Ráðið skal móta tillögur um aðgerðir á sviði tóbaksvarna í samvinnu við Lýðheilsustöð.

Tóbaksvarnaráð skal gera tillögur til Lýðheilsustöðvar um ráðstöfun þess fjár sem stöðin fær til tóbaksvarnastarfs skv. 4. mgr. 9. gr. laga um Lýðheilsustöð nr. 18/2003.

7. gr.

Tannverndarráð.

Heilbrigðisráðherra skipar fimm menn og jafnmarga til vara til setu í tannverndarráði til fjögurra ára í senn. Leitast skal við að velja einstaklinga sem eru sérfróðir um tannvernd. Einn fulltrúi skal tilnefndur af landlækni og einn af tannlæknadeild Háskóla Íslands. Ráðherra skipar þrjá fulltrúa án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir með sama hætti.

Hlutverk tannverndarráðs er að stuðla að tannvernd. Ráðið skal móta tillögur um tannvernd í samvinnu við Lýðheilsustöð og vera faglegur ráðgjafi stöðvarinnar á sviði tannverndar.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í lögum nr. 18/2003 um Lýðheilsustöð og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla reglugerð nr. 434/2003 um sérfræðiráð Lýðheilsustöðvar og reglugerð um tannverndarsjóð nr. 273/1991 með síðari breytingu úr gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. júlí 2004.

Jón Kristjánsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
568	24. júní	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015, Merkilandstún, Sveitarfélaginu Árborg.....	1411
569	24. júní	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, íbúðarbyggð á Völlum.....	1411
570	16. júní	Gjaldskrá um gatnagerðargjöld í Rangárþingi ytra	1412-1414
571	1. júlí	Reglugerð um landsnefnd og sérfræðiráð Lýðheilsustöðvar..	1414-1416

